



# VR

## blaðið

4. tbl. 24. árg. – September 2002 – Upplag: 21.000

Er líf eftir  
vinnuna?

Ný námskeið  
í boði VR

Styrkir til náms

Eitt prósent í  
séreignarsjóð

Fyrirtæki ársins



Símenntun í  
atvinnulífinu



**Útgefandi:** Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,  
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717  
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

**Ábyrgðarmaður:** Gunnar Páll Pálsson

**Ritstjóri:** Anna Björg Siggeirsdóttir

**Útlit:** Ólafur Gaukur

**Umbrot og prentvinnsla:**  
Prentmet ehf.

**Forsíðumynd:** Frá frídegi verslunarmanna 2002 í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Ljósmynd: Erling Ó. Aðalsteinsson.

**Starfsfólk á skrifstofu:**

Gunnar Páll Pálsson formaður, Guðmundur B. Ólafsson lögfræðingur, Magnús L. Sveinsson, Sigurlaug Hilmarsdóttir fjármálastjóri, Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramáladeildar, Alda Sigurðardóttir, Anna Björg Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Dóra Björk Scott, Einar M. Nikulásson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar Níelsson, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlökkversdóttir, Gunnar Kristinn Hilmarsson, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Heidiá Björg Tómasdóttir, Júnía Þorkelsdóttir, Laufey Eydal, Ragnhildur A. Þorgeirsdóttir, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jóseppson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Svava Gísladóttir, Sigrún Esther Guðmundsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

**Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:**

Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Edda Kjartansdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson, Valdís Haraldsdóttir.

Varamenn: Ingveldur Sigurðardóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson.

**Stjórn Orlofssjóðs VR:**

Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Reynir Jóseppson, Valur M. Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir og Sigurður Sigfússon.

**Stjórn Sjúkrasjóðs VR:**

Gunnar Páll Pálsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og Stefanía Magnúsdóttir.

**Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:**

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir og Sigurður Sigfússon.



Frá morgunverðarfundi með félagsmönnum VR.

# Ráðgjafarnefnd félagsmanna

Í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið fyrir VR hafa komið fram margar mjög þarfar ábendingar, m.a. að þörf væri á nánari tengslum milli stjórnar VR og félagsmanna þess. Til að koma á móts við þessar óskir og einnig til að stuðla að meiri samheldni og virkni innan félagsins hefur verið ákveðið að koma á því sem kallað er „**Ráðgjafarnefnd félagsmanna**“.

Ákveðið er að vera með a.m.k. 30 morgunverðarfundi, þar sem verða boðaðir 13–15 almennir félagsmenn tilviljunarkennt úr félagsskrá, 2-3 trúnaðarmenn, starfsmenn skrifstofu VR og fulltrúar úr stjórn VR. Alls verða um 20 manns á hverjum morgunverðarfundi. Ef þessir fundir heppnast vel er síðan vonast til að ná til mjög breiðs hóps innan félagsins með svipuðu fyrirkomulagi. Nú þegar hafa verið haldnir 10 fundir sem hafa tekist vel.

Á þennan hátt munum við gera okkur betur grein fyrir óskum félagsmanna og bregðast hraðar við þeim. Vonandi verður þetta einnig til þess að félagsmenn hafi meiri áhrif á það hvernig þjónusta VR fer fram og hver verða félagsleg áhersluatriði félagsins.

Í lögum VR stendur að tilgangur félagsins sé að efla og styðja hag félagsmanna og vinna að framgangi allra þeirra mála er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu. Við í VR reynum að ná þessum markmiðum eftir þremur megin leiðum: Með því að efla hæfni og möguleika fólks, efla stöðu og réttindi fólks á vinnumarkaði og efla öryggi og lífsánægju fólks í og utan starfs.

Miklar breytingar hafa hinsvegar átt sér stað í umhverfi VR á undanförunum árum. Samsetning félagsmanna hefur breyst, miklar breytingar hafa orðið á rekstri fyrirtækja og samskipti við vinnuveitendur eru orðin flóknari. Sem dæmi má nefna að með til-

komu strikamerkja í verslunum og nýrra verslunarkeðja upp úr 1990 fækkaði starfsfólki sem vann við smásöluverslun um 20% en frá sama tíma hefur félagsmannafjöldi VR nánast tvöfaldast. Nú er svo komið að einungis 3,2% félagsmanna vinnur við sölu- og afgreiðslustörf í smásöluvyrirtækjum samkvæmt svörum í síðustu launakönnun VR og 28% hafa háskólamenntun. 40% flokka sig sem stjórnendur og sérfræðinga, 41% sem annað skrifstofufólk og tækna og tæp 19% vinna við sölu-, afgreiðslu-, gæslu- og lagerstörf. Þar af meira en helmingur hjá heildsölum, bílasölum og fjármála- og tölvufyrirtækjum. Það má því segja að sú ímynd sem gjarnan er dregin upp af VR sem félagi starfsfólks sem vinnur á kassa í dagvöruverslun sé full þröng.

Á sama tíma hefur orðið breyting á samtökum atvinnurekenda. Hér áður fyrr störfuðu samtök atvinnurekenda saman í kjarasamningum en nú er öldin önnur. Um 10% félagsmanna VR vinna hjá aðildarfyrirtækjum Samtaka verslunarinnar – FÍS sem aðallega samanstanda af heildsöluvyrirtækjum. Þau vilja ekkert með samstarf við Samtök atvinnulífsins gera. Jafnframt er fjöldi fyrirtækja sem hafa valið að standa utan samtaka atvinnurekenda. Þessi þróun hefur orðið til þess að gera þarf marga mismunandi kjarasamninga.

Því má segja að starfsumhverfi VR sé orðið mun flóknara en áður og hætta er á með aukinni sérhæfingu starfsmanna við rekstur þjónustuskrifstofu félagsins að það gleymist að hlúa að félagslegri samstöðu félagsmanna. Það er því von mín að félagsmenn takið vel í að mæta á morgunfundina og vera félaginu til ráðgjafar í þessari viðleitni til að styrkja sambandið á milli okkar, því að saman getum við gert gott félag enn öflugra.





# MENNTUN ER SKEMMTUN

8. - 14. september 2002

# Vika símenntunar

Vika símenntunar verður haldin dagana 8.–14. september nk.

**Vikan, sem er á vegum menntamálaráðuneytisins, er nú haldin í þriðja sinn hér á landi og sér Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla um skipulagningu og framkvæmd hennar í samvinnu við símenntunar-miðstöðvar um land allt.**

Tilkomu Viku símenntunar má rekja til þess að á 30. aðalráðstefnu UNESCO árið 1999 var samþykkt að hvetja aðildarlöndin til að halda árlega svokallaða „adult learners week“ frá og með árinu 2000 í tengslum við alþjóða læsisdaginn 8. september.

Að auki mun Ísland taka þátt í samnorrenu verkefni í tengslum við Viku símenntunar, sem tengist lýðræði og hlut símenntunar í virkri þátttöku fólks í samfélaginu.

## Símenntun í atvinnulífinu

Þema Viku símenntunar að þessu sinni er símenntun í atvinnulífinu og er því beint til allra þeirra sem taka þátt í atvinnulífinu hvort sem um er að ræða stjórnendur eða almenna starfsmenn; alla þá sem vilja bæta við þekkingu sína og verða þannig hæfari starfskraftar sér og öðrum til framdráttar. Áhersla verður einnig á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar fyrir almenning.

## Dagskrá vikunnar

Dagskrá Viku símenntunar 2002 verður fjölbreytt og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. VR hefur tekið þátt í viku símenntunar frá upphafi, með þátttöku í færðsluhátíð, útgáfu sérstaks VR blaðs tileinkað fræðslumálum, kynningu á nýjum námskeiðum o.fl. Í ár verður fræðsluhátíðin haldin í Smáralind laugardaginn 14. september. Þar verður námsframbod kynnt, bæði í kynningarbásam og með lifandi kynningum, auk almennrar kynningar á möguleikum til símenntunar.

Málþing verður haldið á Hótel Loftleiðum miðvikudaginn 11. september. Aðalfyrirlesari málþingsins er Alan Tuckett forstöðumaður Niace stofnunarinnar á Bretlandi sem sérhæfir sig í símenntun og fullorðinsfræðslu en þess má geta að Alan Tuckett er oft nefndur „faðir“ hugmyndarinnar að Viku símenntunar í Evrópu, sem haldin er víða um heim.

Símenntunardagur í fyrirtækjum er einnig mikilvægur þáttur átaksins en fyrirtæki eru hvött til þess að tileinka 12. september fræðslumálum starfsmanna. Þann dag er gert ráð fyrir að fyrirtæki nýti til að kynna starfsmönnum sínum möguleika á símenntun. Margt fleira er í boði og dagskráin einkorðast alls ekki við höfuðborgarsvæðið því fjölbreytt dagskrá verður einnig um allt land.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um dagskrá vikunnar svo og fróðleik af ýmsu tagi á heimasíðu Menntar: [www.mennt.net/simenntun](http://www.mennt.net/simenntun).



# Fyrsta golfmót VR



Sá einstæði atburður gerðist að 2 fóru holi í höggi, á annari og sjöttu braut, á fyrsta golfmóti VR og verður það að teljast ótrúlegt að slíkt gerist í sama mótinu.

Þátttakendur voru 107 á mótinu sem haldið var laugardaginn 3. ágúst sl. á velli GR í Grafarholti. Það fór vel fram þrátt fyrir rok og nokkra rigningu

og árangur efstu manna var frábær. Úrslit urðu á þá leið að í 1. sæti varð Atli Már Kristjánsson á 50 punktum, Kristján Örn Sigurðsson var í 2. sæti á 43 punktum og Vignir Kristmundsson í 3. sæti á 40 punktum. Besti VR félaginn var Elías Kárason á 39 punktum. Verðlaun voru veitt fyrir flesta punkta kvenna og þau hlaut Anna Mariella Sigurðardóttir.





## Aldrei fleiri námskeið í boði

Í dag er nauðsynlegt að stunda símenntun til að viðhalda þekkingu sinni og halda markaðsvirði sínu á vinnumarkaði. Það er allt sem mælir með aukinni menntun fólks á vinnumarkaði. Fólk nær betri tökum á starfi sínu, það veitir betri þjónustu og verður ánægðara í starfi. Fyrirtækin verða samkeppnishæfari og framleiðni eykst sem gerir það að verkum að launþegar geta farið fram á hærri laun. Í dag er það ekki síður nauðsynlegt að stunda símenntun til að geta tekist á við allar þær breytingar sem eiga sér stað í vinnuumhverfinu, hvort sem það eru tækni- eða skipulagsbreytingar.

### Menntun VR félaga

Í VR er breiður hópur fólks með misjafnar þarfir. Meirihluti VR félaga starfar á skrifstofum, en mikið framboð er af námi í þeim geira. Minna er um skipulagða verslunarmenntun og hafa mörg fyrirtæki brugðist við því með sérnámi eða sérskólum innan sinna fyrirtækja.

Menntunarstig VR félaga skiptist á eftirfarandi hátt:

Grunnskólapróf . . . . .	20%
Starfsnám . . . . .	10%
Framhaldsskólanám . . . . .	41%
Háskólanám . . . . .	28%

### Nýjung fyrir verslunarfólk – verslunarstjóranám

Í vetur verður í fyrsta sinn í boði diplómanám í verslunarstjórnun í Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Framkvæðið kom frá verslunarfyrirtækjum sem fundu fyrir þörf á þessu námi. Fyrir starfsfólk í verslunum er þetta mikið tækifæri til dæmis til aukinnar starfsþróunar, sérhæfingar eða jafnvel stöðuhækkunar. VR tók þátt í undirbúningi fyrir þetta nám og fagnar því að fulltrúar VR og atvinnurekendur hafi unnið saman að þessu mikla sameiginlega hagsmunamáli verslunarfólks og fyrirtækja.

### www.mennt.is

Aðgengi að menntun hefur aldrei verið betra. Nú er búið að opna upplýsingavef um flest það nám sem er í boði á Íslandi, þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um námskeið. Auk þess er auðvelt að gera samanburð á milli fræðsluáðila þar sem um er að ræða staðlaðar upplýsingar frá hverjum og einum.

### Vika símenntunar

Vika símenntunar verður haldin dagana 8.-14. september n.k. og

verður lögð áhersla á að virkja sem flesta til að huga að símenntun þessa viku. Þema vikunnar er: Símenntun í atvinnulífinu. Á lokadegi vikunnar hinn 14. september verður fræðsluhátíð í Smáralind þar sem fræðsluáðilar og skólar munu kynna námsframboð sitt.

### Styrkir til náms

Í kjarasamningnum árið 2000 var samið við Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunarinnar – FÍS um starfsmenntasjóði. Félagsmenn VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna geta sótt um styrki vegna náms og námskeiða. Styrkir eru allt að helmingur af námskeiðsgjöldum (fer eftir stigaeign), þó að hámarki kr. 60.000 á ári. Styrkir eru greiddir eftir að námskeiði er lokið.

### Afslættir fyrir VR félaga

Nokkrir skólar veita VR félögum sérstakan afslátt gegn framvísun á staðfestingu um félagsaðild. Algengt er að afslátturinn sé frá 10-15% af skóla- eða námskeiðsgjöldum. Listann yfir þessa skóla er bæði að finna hér í blaðinu á blaðsíðu 13 og á heimasíðu félagsins [www.vr.is](http://www.vr.is).

### Fyrirlestraröð

Í vetur verður í boði í fyrsta sinn fyrirlestraröð einu sinni í mánuði þar sem sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum segja frá nýútkomnum bókum, rann-

sóknum eða sérfræðipækkingu sinni á málefnum tengdum vinnumarkaði og starfsfólki. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri VR og lektor í Viðskipta- og hagfræðideild HÍ, átti frumkvæði að þessu og mun hefja þessa fyrirlestraröð í október.

### Rannsóknir á vinnumarkaði

Annað árið í röð verður auglýstur lokaverkefnastyrkur VR fyrir nemendur á háskólastigi. Markmiðið er að hvetja sem flesta til að huga betur að rannsóknum á vinnumarkaði. Stjórn VR samþykkti í ágúst að styrkja Þjóðar-bókhöðuna – Landsbókasafn Íslands um kr. 500.000 á næstu 3 árum til að kaupa bækur í vinnumarkaðsfræðum sem gagnast bæði háskólanemum og fólki almennt á vinnumarkaði.

### Námskeið í boði VR

Námskeiðsframboðið hefur aldrei verið jafn mikið hjá VR og í haust. Alls verða 8 ný námskeið en samtals verða á annan tug námskeiða í boði. Markmiðið með þeim er að efla félagsmenn í starfi, kjarabaráttu og einkalífi. Námskeiðin eru ókeypis fyrir félagsmenn VR og er hægt að sækja eitt frítt námskeið á önn. Flest námskeiðin verða í boði aftur á vorönn, verði aðsókn næg. Af nýjum námskeiðum má nefna m.a. Samhæfing starfs- og einkalífs, námskeið í áhugasviðsgreiningu og sérstök námskeið fyrir þá sem eru í atvinnuleit. Einnig



Ljósmynd: Gunnar Kr.

### Aldi Sigurðardóttir, fræðslustjóri VR

verður nýtt námskeið sem ber heitið Velliðan á vinnustað sem haldið er í samvinnu við Geðrækt. Nánari umfjöllun um námskeiðin er á blaðsíðum 6–9.

### Aldrei of seint

Það er aldrei of seint að byrja að stunda símenntun, en það eru margar leiðir til þess. Margir hafa verið í sjálfsnámi í mörg ár, kannski án þess að gera sér almennilega grein fyrir því, t.d. með því að lesa fagtimarit, bækur eða farið á námskeið.

Sumir segja að hafir þú ekki sótt námskeið á sl. 12 mánuðum að þá sé kominn tími til þess að huga að því. Gangi þér vel.

Aldi Sigurðardóttir, fræðslustjóri VR

## HEIÐURSFÉLAGI OG GULLMERKISHAFAR

# Magnús L. Sveinsson heiðursfélagi VR

Í hófi sem stjórn VR efndi til nýverið var fyrrverandi formaður VR, Magnús L. Sveinsson, gerður að heiðursfélagi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og sæmdur gullmerki fyrir mikil og góð störf í þágu félagsins.

Magnús var framkvæmdastjóri VR frá árinu 1960 til 1980, í stjórn félagsins frá 1964, varaformaður 1965–1980 og formaður

þess frá 1980–2002. Hann hefur því starfað hjá félaginu í 42 ár samtals.


Elín Elíasdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður, var einnig sæmd gullmerki félagsins. Hún lét af stjórnarstörfum á síðasta aðalfundi og hafði þá setið í stjórn félagsins í 19 ár og gegnt þar ýmsum trúnaðarstörfum, var m.a. varaformaður í nokkur ár.



Ljósmynd: Gunnar Kr.

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, Elín Elíasdóttir og Magnús L. Sveinsson.

# Skipting VR félaga eftir menntun



# Verslunarstjóranám

Starfandi verslunarstjórar fá tækifæri til aukinnar menntunar á sínu sviði með þátttöku í nýrri námsbraut sem tekur til starfa nú í haust.

Brautin er einnig opin öðrum sem starfa í verslun og gefst þeim þannig tækifæri til starfsframa með náminu. Námsbrautin miðar að því að starfsmenn geti orðið sérhæfðir í verslunarstjórnun og fái jafnframt tækifæri til framhaldsmenntunar. Námið tekur 2 ár og fer fram bæði á vinnustað og í formi fjarkennslu yfir netið. Viðskiptaháskólinn á Bifröst mun annast fjarkennsluna.

Undirbúningur námsbrautarinnar var í höndum SVP, Viðskiptaháskólans á Bifröst, VR, Baugs hf., Húsasmíðjunnar hf., Kaupáss hf., Ólíufélagsins Esso hf. og Samkaupa hf.

## Skortur á sérmenntuðu starfsfólki í verslun

Verslunarrekstur krefst sífellt meiri sérhæfingar og samkeppnin eykur kröfurnar um fullkomnari og betri þjónustu. Mjög mikill skortur er á sérmenntuðu starfsfólki sem hefur þekkingu á öllum þeim þáttum sem verslunarstjóri þarf að hafa.

Nemendur sem fara í verslunarstjóranám þurfa að hafa samstarfssamning við verslun sem tryggir þeim svokallaðan „bakhjarl“ innan verslunarinnar. „Bakhjarlinn“ ber ábyrgð á að nemandinn fái alla þá hjálfun innan fyrirtækisins sem krafist er. Jafnframt er gert ráð fyrir að nemandinn hafi nauðsynlega reynslu og þekkingu af verslunarstörfum áður en námið hefst og sýnt af sér frumkvæði í starfi. Gert er ráð fyrir að þeir sem hafi lokið náminu hafi öðlast rétt til

að fara í frumgreinadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst, þannig verður námið viðurkennt sem áfangi til frekara framhaldsnáms.

## Haustönnin fullmönnuð

Að sögn Helga Baldurssonar sem unnið hefur að uppbyggingu námsins voru umsækjendur tæplega 50. Þeir koma víðs vegar að af landinu en þó flestir af höfuðborgarsvæðinu. 40 voru teknir inn á þessa önn en þeir sem ekki komast að í haust hefja nám um áramót.

Þeir sem áhuga hafa á því að sækja um nám á næstu önn sem hefst þá í janúar 2003 geta haft samband við SVP-Samtök verslunar- og þjónustu í síma 511 3000. Nánari upplýsingar á heimasíðunni [www.svth.is](http://www.svth.is). Bæklingar eru einnig fánlegir hjá SVP og á skrifstofu VR.

## LOKAVERKEFNASTYRKUR

# Umsóknarfrestur rennur út 15. október

Lokaverkefnastykur VR er ætlaður nemendum á háskólastigi sem munu vinna að rannsóknum eða verkefnum tengdum vinnu- markaðinum á breiðum grundvelli, enda um þverfaglegt efni að ræða. Lokaverkefnið geta fjallað um allt frá heilsu fólks á vinnu- markaði til launaþróunar síðustu ár. Tekið er á móti öllum umsóknum sem tengjast vinnu- markaðin-

um á einn eða annan hátt. Í fyrra fékk Héðinn Jónsson, 4. árs nemandi í sjúkrahjálfun styrkinn, en hann kannaði áhrif hléæfinga á líðan skrifstofufólks.

### Markmið

Markmiðið með styrknum er að efla rannsóknir á vinnu- markaði með því að hvetja nemendur sem eru við nám á háskólastigi til að

huga betur að þessum málaflokki. Nemendur sem eru að undirbúa lokaverkefni sitt fyrir vorönn 2003 geta sótt um styrk. Einn styrkur verður veittur að upphæð kr. 250.000. Styrkurinn verður veittur í þremur hlutum, kr. 50.000 við tilkynningu á styrknum, kr. 100.000 við áfangaskýrslu og kr. 100.000 við verklok. Umsóknarfrestur rennur út 15. október 2002.

### Umsóknin

Umsókn um styrkinn skal vera nafnlaus og hafa að geyma 1-2 blaðsíðna lýsingu á verkefninu, aðgerða- og tímaáætlun. Einnig þarf að fylgja með ljósrit af einkunnum (vinsamlega afmáðu nafn þitt af gögnunum). Með umsókn fylgi í lokuðu umslagi upplýsingar um nafn nemanda, heimilisfang, símanúmer og netfang. Einnig þurfa að fylgja með upplýsingar um nafn leiðbeinanda, símanúmer og netfang ásamt frumriti einkunnvottorðs.

Umsóknir skulu berast til Verzlunarmannafélags Reykjaví-

ur í síðasta lagi 15. október 2002 en úthlutun verður þann 1. nóvember 2002. Í dómnefnd sitja Elísabet M. Andrésdóttir, verkefnastjóri í Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík, Dr. Stefán Ólafsson, prófessor í félags- og atvinnulífsfræði við Háskóla Íslands, og Alda Sigurðardóttir, fræðslustjóri VR.

Frekari upplýsingar veitir Alda Sigurðardóttir, fræðslustjóri VR, í síma 510 1700. Engar kvaðir hvíla á þeim er styrkinn hlýtur aðrar en þær að afhenda Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur eintak af verkefninu.

# Vertu betri í starfi



VR býður félögum sínum að sækja um sérstaka styrki til starfsmenntunar, allt að 60 þúsund krónum eða sem nemur stigaeign viðkomandi.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2000. Fullgildur félagsmaður getur fengið allt að helming af námskeiðsgjöldum endurgreitt eftir lok námskeiðs.

Hægt er að sækja um styrk á skrifstofu VR en umsóknareyðublað er einnig að finna á VR vefnum, [www.vr.is](http://www.vr.is), sem hægt er að faxes á skrifstofuna útfyllt ásamt greiðslukvittun og viðurkenningarskjali.

Nánari upplýsingar í síma 510 1700 og á [www.vr.is](http://www.vr.is).



Starf okkar eflir þitt starf

# NÁMSKEIÐ VR

Hér er að finna upplýsingar um námskeið á vegum VR haustið 2002. Þau eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Vinsamlega athugið að félagsmaður getur einungis skráð sig á eitt ókeypis námskeið á önn.

Skráning er í síma 510 1700 eða í gegnum tölvupóst á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is)

Kennt verður í húsnæði VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

## NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGSMENN

### Að semja um launin

Í síðustu kjarasamningum VR og atvinnurekenda var samið um persónubundin laun eða markaðslaun og rétt félagsmanna til árlegs viðtals við vinnuveitendur um laun og starfskjör. VR býður félagsmönnum sínum ókeypis námskeið til að undirbúa þá undir þetta viðtal. Námskeiðið er 6 klst. langt og skiptist á tvö kvöld. M.a. verður lögð áhersla á að leita svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvað eru markaðslaun?
2. Hvert er markaðsvirði mitt á vinnumarkaðinum?
3. Hvernig á ég að bera mig að í samningum við vinnuveitanda minn?
4. Hvernig nýti ég mér launakönnun VR?
5. Hvernig get ég aukið markaðsvirði mitt á þann hátt sem ég er sátt(-ur) við?

Fjallað verður um hugmyndafræðina á bak við markaðslaunin, félagsmönnum kynntar leiðir til að geta lagt mat á vinnuframlag sitt, styrki sína og veikleika. Áhersla verður lögð á að félagsmenn geti borið sig saman við aðra að teknu tilliti til menntunar, hæfni, reynslu, árangurs og frammistöðu í starfi. Kenndar verða mismunandi aðferðir í samningatækni, hvernig á að undirbúa launaviðtal á árangursríkan hátt og hvernig hægt er að fylgja eftir niðurstöðum þess. Leiðbeinendur eru Hildur Elín Vignir, Vilmar Pétursson og Svanur Þorvaldsson frá IMG.

#### Hvenær er námskeiðið haldið?

1. námskeið: 24. og 25. september kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 8. og 9. október kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 22. og 23. október kl. 18:30-21:30

### Velliðan á vinnustað **Nýtt!**

VR mun halda námskeið í samvinnu við Geðrækt til að auka velliðan félagsmanna í vinnunni. Á námskeiðinu verður farið í gegnum þá þætti sem hafa áhrif á heilsu okkar og hvað við sjálf getum gert til að hafa áhrif á eigin líðan. Markmiðið er að þátttakendur læri að þekkja þá streituvalda sem eru í umhverfi þeirra og hvernig þeir geti unnið gegn þeim og aukið þannig velliðan og velgengi í vinnunni sem og utan hennar.

M.a. verður fjallað um:

- Streituvalda
- Sjálfsmyndina
- Hugsanir og tilfinningar
- Velliðan og velgengi
- Slökunaraðferðir

Námskeiðið er 3 klst. langt og opið öllum félagsmönnum VR. Leiðbeinendur eru Elín Ebba Ásmundsdóttir, forstöðuiðjuþjálfari geðsviðs LSH og lektor við HA og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Geðræktar.

Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 22. október kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 31. október kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 5. nóvember kl. 18:30-21:30

### Starfs- og námsráðgjöf

Líkt og síðasta vetur, verður félagsmönnum boðið upp á starfs- og námsráðgjöf. Slík ráðgjöf getur nýst vel sem fyrsta skrefið í sí- og endurmenntun eða ef fólk er að huga að því að breyta um starfsvettvang. Einnig verður í boði 3 tíma námskeið þar sem áhersla er lögð á að greina áhugasvið fólks. Mælt er með að fólk fari fyrst á námskeiðið og fái svo persónulega ráðgjöf í kjölfarið.

#### Námskeið - Hver eru helstu áhugasvið þín? **Nýtt**

Viltu þekkja sjálfan þig betur og verða hæfari til að velja það sem örugglega hentar þér betur hvort sem er í starfi námi eða leik. Boðið verður upp á þriggja tíma námskeið til að hjálpa fólki á öllum aldri til að átta sig betur á áhugasviðum sínum. Ákvörðun sem tekin er á forsendum raunverulegs áhuga skilar alltaf meiri árangri. Lagt er fyrir verkefnið IDEAS – áhugasviðsgreining- og fær fólk niðurstöðurnar strax fram. Niðurstöðurnar geta gagnast fólki við ákvarðanatöku á ýmsum sviðum. Aukin sjálfsþekking gerir allar sterkari.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 23. september kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 30. september kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 7. október kl. 18:30-21:30

#### Ráðgjöf

Starfs- og námsráðgjöfin byrjar í síðustu vikunni í september og verður í boði á þriðjudögum og miðvikudögum kl. 12:00-16:00 í september, október og nóvember. Um er að ræða 45 mínútna viðtal við faglærðan starfs- og námsráðgjafa, Björn Hafberg, á skrifstofu VR.

### Að semja um launin - framhaldsnámskeið

Námskeið fyrir þá sem þegar hafa farið á fyrra námskeiðið. Námskeiðið er eitt kvöld (3 klst.) og er hugsað sem góð upprifjun ásamt því að farið er í fleiri góð ráð í tengslum við launaviðtalið.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 26. september kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 17. október kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 31. október kl. 18:30-21:30

**Nýtt!**

### Réttindi og skyldur **Nýtt!**

Námskeið um réttindi og skyldur verður haldið af ráðgjöfum kjaramáladeildar VR. Þetta er sérhæft námskeið fyrir starfsfólk sem starfar við starfsmannamál. Farið verður í helstu atriði kjarasamninga og launaútreikninga. Námskeiðið er tvö kvöld og verður á fyrra kvöldinum farið í launaútreikninga, orlof og fæðingarorlof og á seinna kvöldinu veikindarétt, uppsagnarfrest og einelti á vinnustöðum.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 9. og 10. október kl. 18:30-21:30



## Konur til forystu

VR leggur mikla áherslu á jafnrétti á vinnumarkaði óháð kyni. Í jafnréttis-  
stefnunni segir að sérstaklega þurfi að efla menntun kvenna, m.a. með því  
að bjóða sértæk námskeið fyrir konur.

Konur til forystu er námskeið fyrir konur sem eru annað hvort með 5 ára  
starfsreynslu eða háskólamenntun og 2ja ára starfsreynslu. Námskeiðið er  
alls 7 klst. langt og verður m.a. fjallað um:

- Starfsþróun og starfsframa
- Hlutverk stjórnenda í nútímafyrirtækjum
- Breytingar
- Hópa og hóphlutverk
- Markmiðasetningu

Þátttakendur skilgreina eigin áhuga og væntingar um starfsframa og fara í  
sjálfsskoðun þar sem þeir velja fyrir sér spurningum eins og: Hvaða hæfni  
bý ég yfir? Hvaða hæfni vil ég öðlast? Hvert vil ég stefna?

Á námskeiðinu fræðast þátttakendur einnig um hlutverk stjórnandans og  
fá innsýn í stjórnunarhegðun. Stjórnendur nútímafyrirtækja þurfa að skil-  
greina þjónustu sína með tilliti til starfsfólksins. Mikið er í húfi því það er  
engin tilviljun að helsta ástæða uppsagna er samskipti við stjórnendur.  
Hæfni stjórnenda í mannlegum samskiptum er því orðin afar mikilvæg.  
Síðasti áratugur hefur verið áratugur breytinga í viðskiptaumhverfinu.  
Rannsóknir hafa sýnt að helsta ástæða þess að breytingar mistakast sé  
andstaða starfsmanna. Á námskeiðinu verður farið í forsendur breytinga  
og hlutverk stjórnenda í breytingaferlinu. Á námskeiðinu kynast þátttak-  
endur helstu hamlandi þáttum í breytingum og áhrifaþáttum á hegðun  
starfsfólks.

Þá er á námskeiðinu fjallað um myndun og hvatningu skilvirkra hópa og  
skoða þátttakendur styrkleika sína og veikleika í hópstarfi. Í lok nám-  
skeiðsins setja þátttakendur sér markmið sem geta varðað persónulegan  
þroska þeirra eða starfið.

Leiðbeinendur eru Hildur Elín Vignir og Linda Bára Lýðsdóttir frá IMG.

### Hvenær er námskeiðið haldið?

1. námskeið: 1. og 2. október kl. 18:00-21:30
2. námskeið: 15. og 16. október kl. 18:00-21:30
3. námskeið: 12. og 13. nóvember kl. 18:00-21:30

## Tjáning og tækifæri

Námskeið sem er opið öllum innan VR. Á hverju námskeiði, sem er alls  
9 klst., eru að hámarki 16 þátttakendur.

Helstu markmið með námskeiðinu eru að þátttakendur öðlist aukið öryggi,  
læri að nýta styrki sína og kosti og hvernig á að ryðja úr vegi hindrunum  
og geti tekist á við ögrandi verkefni. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað  
um samskiptahæfni, hvernig á að byggja upp jákvætt viðhorf og brjóta  
niður múra, hvernig á að stjórna kvíða og öðlast örugga framkomu. Að  
lokum verður fjallað um tjáningu í ræðustól, hvernig á að greina  
styrkleika og veikleika í tjáningu og farið í endurgjöf og gagnrýni.  
Námsefnið er unnið í verkefnavinnu og í umræðuhópum ásamt innleggi  
leiðbeinenda og æfingum þátttakenda.

Leiðbeinendur eru Fanney Proppé og Arnheiður Hjörleifsdóttir frá  
Skref.is.

### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 25. september, 1. og 3. október kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 15. og 17. október kl. 17:30-22:00
3. námskeið: 6., 11. og 13. nóvember kl. 18:30-21:30

## Starfsmannaviðtalið

Ókeypis netnámskeið sem hægt er að nálgast á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)  
og er öllum opið. Markmiðið með námskeiðinu er að undirbúa launþega  
fyrir hið árlega starfsmanna- eða launaviðtal sem samið var um í síðustu  
kjarasamningum. Gerð námskeiðsins var styrkt af starfsmenntasjóði  
félagsmálaráðuneytisins.



Myndasafn VR

## Samhæfing starfs- og einkalífs Nýtt!

Nýlegar rannsóknir sýna að næstmesti streituvaldurinn í vinnunni er það  
að reyna að samræma vinnu og einkalíf. Við lifum erilsömu lífi og erum í  
mörgum hlutverkum; við erum m.a. starfsmenn, foreldrar, makar, vinir og  
vinkonur, börn foreldra okkar og samfélagsverur. Það er oft og tíðum  
mikil áskorun að reyna að halda jafnvæginu milli starfsframa,  
fjölskyldunnar, áhugamála, félags- og tómstundastarfs, símenntunar og  
annarra mikilvægra þátta lífsins. Vinnan er oft tekin fram yfir  
fjölskylduna. Við erum oft með hugann við vinnuna þegar við verjum tíma  
með fjölskyldunni og erum svo með samviskubit þegar við verjum of  
miklum tíma í vinnunni. Þegar vinna og einkalífið stangast þannig á getur  
myndast ójafnvægi og togstreita af ýmsum toga.

Leitin að jafnvæginu milli vinnu og einkalífs er í sjálfu sér ekki nýtt  
vandamál en breytingar undanfarna áratugi hafa leitt til þess að vanda-  
málið er mun umfangsmeira í dag en áður. Meðal helstu breytinga eru  
aukin atvinnuþátttaka kvenna, breytt fjölskyldumynstur, breytingar í  
lagaumhverfinu og aukin krafa um þátttöku karla í umönnun og uppeldi  
barna og heimilisstörfum.

Á námskeiðinu verður farið í að draga fram þau gildi sem þátttakendum  
finnast skipta miklu máli bæði í starfi og einkalífi. Er jafnvægi á öllum  
sviðum þ.e. hvað varðar starfið, einkalífið, áhugamál, félagslíf, vini,  
fjölskyldu o.fl. Er ánægja með það sem menn eru að gera? Hvert er  
stefnt? Hvernig er hægt að samræma þær kröfur sem vinnan, fjölskyldan  
og samfélagið gerir?

### Það sem er tekið fyrir á námskeiðinu:

- Breytingar í samfélaginu.
- Breytt viðhorf til vinnu.
- Mörkin milli vinnu og einkalífs.
- Mismunandi hlutverk, ábyrgð og kröfur.
- Krafa um árangur á öllum sviðum.
- Hvað vil ég?

### Ávinningur:

- Aukin innsýn í eigin þarfir.
- Meira jafnvægi milli starfs og einkalífs.
- Minni streita.
- Meiri árangur og ánægja í lífi og starfi.

Námskeiðið er 3 klukkustundir og hentar öllum þeim sem vilja finna betra  
jafnvægi milli starfs og einkalífs og auka gæði lífsins. Leiðbeinandi er  
Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.

### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 26. september kl. 18:30-21:30
2. námskeið: 3. október kl. 18:30-21:30
3. námskeið: 10. október kl. 18:30-21:30 (eingöngu fyrir karlmenn)
4. námskeið: 12. nóvember kl. 18:30-21:30

# NÁMSKEIÐ VR

## NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

### Trúnaðarmannanámsskeið

Hefðbundin trúnaðarmannanámsskeið þar sem áhersla er lögð á að kynna starfsemi félagsins og þjónustu þess, farið er yfir kjarasamninga, réttindi og skyldur og margt fleira. Leiðbeinendur eru starfsfólk VR og fleiri aðilar.

#### Trúnaðarmannanámsskeið I

8., 9., 15. og 16. október, kl. 8:30-16:30

#### Trúnaðarmannanámsskeið II

5., 6., 12. og 13. nóvember, kl. 8:30-16:30

#### Trúnaðarmannanámsskeið III

19. og 20. nóvember, kl. 8:30-16:30



### Trúnaðarmannaskóli

Annað árið í röð bjóðum við upp á svokallaðan trúnaðarmannaskóla. Námið er alls 32 stundir og verður kennt heilan dag í einu 4 sinnum yfir önnina.

Markmiðið með skólanum er að efla trúnaðarmenn VR í starfi og einkalífi með því að hjálpa þeim að:

- Byggja upp sjálfstraust og samskiptahæfni
- Geta tjáð sig af öryggi
- Geta stýrt fundum á faglegan og skipulagðan hátt
- Geta tekist á við erfiðar aðstæður og vandmál í starfi sem trúnaðarmaður

Samkvæmt kjarasamningum eiga trúnaðarmenn rétt á að sækja námskeið í allt að eina viku á ári og halda dagvinnutekjum á meðan. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Hver trúnaðarmaður er kosinn til tveggja ára en flestir trúnaðarmenn starfa mun lengur.

Trúnaðarmenn sem hafa lokið grunnnámskeiðunum trúnaðarmannanámsskeið I og II hafa rétt til að sitja námskeiðið. Þátttaka er takmörkuð við 16 manns á hvoru námskeiði, fyrstir koma fyrstir fá. Leiðbeinendur eru frá Skref.is, það eru Hansína B. Einarsdóttir, Fanney Proppe og Arnheiður Hjörleifsdóttir.

#### Námskeiðið verður haldið dagana:

17. september kl. 9:00-16:30

1. október kl. kl. 9:00-16:30

22. október kl. kl. 9:00-16:30

5. nóvember kl. 9:00-16:30

## STARFSGREINA- NÁMSKEIÐ

Hjá VR eru til nokkur starfsgreinanámsskeið sem hafa verið styrkt úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins:

- **Markaðssetning ferðaþjónustu**
- **Bækur og ritföng**
- **Sala á byggingavörum**
- **Meðferð og sala á grænmeti og ávöxtum**
- **Námskeið í textíl**

Ef áhugi er hjá félagsmönnum eða fyrirtækjum að fá ofangreind starfsgreinanámsskeið fyrir starfsmenn fyrirtækisins getur VR orðið við þeim óskum fyrirtækjum að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar eru hjá fræðslustjóra í síma 510 1700.



## FYRIRLESTRAR

### Nútíma vinnumarkaður **Nýtt!**

Í haust verður boðið upp á klukkutíma fyrirlestur einu sinni í mánuði, þar sem sérfræðingar segja frá nýjum bókum, rannsóknum eða sérþekkingu sinni.

Fyrirlestrararnir eru öllum opnir og ókeypis. Þeir verða haldnir í húsnæði VR í Húsi verslunarinnar. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson fyrrverandi fræðslustjóri VR mun hefja leikinn 1. október kl. 12-13. Hann mun fjalla um stéttarfélög sem lærdómsfyrirtæki. Skráning er í síma 510-1700 eða á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) Þar eru einnig frekari upplýsingar.



## NÁMSKEIÐ FYRIR ATVINNULAUSA

### Á krossgötum **Nýtt!**

Þegar lagt er af stað í leit að nýju starfi er mikilvægt að hafa gert sér í hugarlund hverskonar starfi leitað er að. Hvað langar okkur til að gera og hvar myndu hæfileikarnir fá að njóta sín? Gagnlegt er að skoða vel í hvaða starfsumhverfi og í hvaða starfsgrein líklegast er að ná árangri og hvar við yrðum ánægðust í starfi. Við verjum of stórum hluta af lífi okkar á vinnustað til þess að láta hendingu ráða því hvað við gerum og hvernig okkur gengur. Þegar við erum að skipta um starf er mikilvægt að vera búin að skoða sjálfan sig nokkuð vel, þekkja eigið áhugasvið, styrkleika og takmarkanir og vita hvar tiltekin menntun, hæfileikar, reynsla og áhugi myndu njóta sín best. Sjálfsskoðun getur hjálpað okkur við spurningar um starfsval og veitt okkur nýja sýn á okkur sjálf.

Á námskeiðinu taka þátttakendur sig í ítarlega sjálfsskoðun. Þeir velta fyrir sér spurningum á borð við: Hver er ég? Hvað vil ég? Hver eru mín áhugamál? Hvað hef ég að bjóða? Hvert stefni ég? Hvað langar mig til að gera? Hver eru gildi mín? Er ég á réttum stað og hvert er ég að fara? Hvert er draumastarf mitt? Hvar ætla ég að vera eftir 3 ár, 5 ár o.s.frv.?

#### Það sem er tekið fyrir á námskeiðinu:

- Sjálfsskoðun.
- Breytingar á lífsleiðinni.
- Vinnumarkaðurinn í dag.
- Mikilvægir eiginleikar í starfi.
- Starfsánægja.

#### Ávinningur:

- Aukin sjálfsþekking.
- Betri tengsl við sjálfan sig.
- Betri sýn á stefnu sína í lífinu.
- Markvissari atvinnuleit.
- Meiri ánægja í starfi.

Námskeiðið er 3 klukkustunda langt og hentar öllum þeim eru á krossgötum í starfi og hjálpar þeim að forgangsraða þáttum er tengjast atvinnuleit og vali starfs. Leiðbeinandi er Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 24. september kl. 9:00-12:00
2. námskeið: 14. október kl. 9:00-12:00
3. námskeið: 7. nóvember kl. 9:00-12:00

### Markviss atvinnuleit **Nýtt!**

Þegar lagt er af stað í atvinnuleit er mikilvægt að gera upp við sig hvers konar starfi maður er að leita eftir og nýta sér allar mögulegar leiðir til að koma sér á framfæri. Vönduð ferilskrá eykur líkurnar á að umsækjandi komist í atvinnuviðtal. Hún er því mikilvægur liður í markaðssetningu umsækjandans og oft fyrstu kynni vinnuveitandans af honum. Það hvernig umsækjandi stendur sig síðan í atvinnuviðtali hefur úrslitaáhrif um það hvort hann fær starfið eða verður boðaður í annað viðtal. Atvinnuviðtalið er nokkur konar söluviðtal þar sem umsækjandi fær tækifæri til að koma sjálfum sér á framfæri og selja hæfileika sína, getu, reynslu og þekkingu. Mikilvægt er að hafa það hugfast að til að ná árangri í atvinnuleit þarf að leggja hart að sér. Atvinnuleit er fullt starf og maður finnur ekki draumastarfið með því að bíða.

Á námskeiðinu eru þátttakendum veitt hagnýt ráð um atvinnuleitina: Hvernig á að sækja um, hvar á að sækja um, hvernig útbý ég ferilskrá, hvernig sem ég umsóknarbréf, hvernig ber ég mig að í atvinnuviðtali? Þátttakendur koma með sína eigin ferilskrá á námskeiðið, vinna með hana þar og fá góðar ráðleggingar. Þeir fá einnig innsýn í aðferðafræði og spurningatækni þeirra sem eru að ráða.

#### Það sem er tekið fyrir á námskeiðinu:

- Að leggja raunhæft mat á sjálfan sig.
- Markviss atvinnuleit.
- Að útbúa ferilskrá.
- Umsóknarbréfið.
- Fylgiskjöl með umsókn.
- Framkoma í atvinnuviðtali.
- Mikilvægi tengslanets.

#### Ávinningur:

- Meiri innsýn í eigin styrkleika og takmarkanir.
- Markvissari atvinnuleit.
- Betri ferilskrá.
- Aukið sjálfstraust í atvinnuviðtalinu.
- Meiri árangur í umsóknarferlinu.

Námskeiðið er 3 klukkustundir og hentar öllum þeim sem vilja auka árangur sinn í leit að starfi. Leiðbeinandi er Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 25. september kl. 9:00-12:00
2. námskeið: 24. október kl. 9:00-12:00
3. námskeið: 11. nóvember kl. 9:00-12:00

### Betri fjárhagur **Nýtt!**

Á námskeiðinu er fjallað um hagkvæman heimilisrekstur og leiðir til að njóta meiri lífsgæða.

Ýmsar leiðir eru færar til að spara í matar- og fatainnkaupum, samsetningu matseðils, fjölmiðla, síma, tómsundum, bifreiðarekstri, líkamshjálfun, samsetningu lána og með skynsamlegum tryggingum. Stuðst er við raunhæf dæmi þar sem það á við til að skoða hversu mikið getur sparast með því að efla kostnaðarvitund.

Námskeiðið er 3½ klukkustund og leiðbeinandi er Ásgeir Þór Jónsson.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 26. september kl. 9:00-12:30
2. námskeið: 17. október kl. 9:00-12:30
3. námskeið: 14. nóvember kl. 9:00-12:30

**Í kjölfar samstarfssamnings við  
Verzlunarmannafélag Akraness  
eru öll námskeiðin einnig  
í boði fyrir félagsmenn VA.  
Einnig verða nokkur námskeið  
í boði sérstaklega á Akranesi  
en þau verða auglýst nánar  
í Póstinum í september.**

## STÆRRI FYRIRTÆKI

	Meðalheildareinkunn		TRAUST			VIRÐING			STOLT		STARFSANDI	
		Vikmörk	1. Trúverðugleiki stjórnenda	2. Launakjör	3. Vinnuskilyrði	4. Sveigjanleiki vinnu	5. Sjálfstæði í starfi	6. Álag og kröfur	7. Stolt af starfi og fyrirtæki	8. Starfsandi	Svarhlutfall í fyrirtækinu	
HEILD (FJÖLDI SVARENDA 2.053)	3,71	+/-0,03										
1. HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK	4,34	+/-0,04	97	98	90	97	86	9	96	99	36%	
2. TEYMI HF.	4,32	+/-0,40	92	96	95	98	84	80	81	92	30%	
3. ANZA HF.	4,27	+/-0,36	91	86	96	100	38	98	48	91	-	
4. MAREL HF.	4,26	+/-0,28	96	95	62	99	94	31	99	81	22%	
5. VSÓ RÁDGJÖF	4,24	+/-0,28	85	83	94	99	66	59	89	94	50%	
6. PHARMACO	4,20	+/-0,12	82	93	83	88	78	72	95	85	36%	
7. ÖRYGGISMIDSTÖÐ ÍSLANDS HF.	4,18	+/-0,40	90	89	89	85	91	34	89	82	27%	
8. IMG	4,17	+/-0,10	91	74	66	94	79	71	86	91	54%	
9. DELOITTE & TOUCHE HF.	4,15	+/-0,09	88	75	77	91	73	53	85	85	54%	
10. BRIMBORG EHF.	4,09	+/-0,27	77	92	88	38	95	85	76	71	51%	
11. ÖSSUR HF.	4,07	+/-0,16	83	75	59	78	74	55	94	65	35%	
12. P. SAMÚELSSON HF.	4,05	+/-0,22	82	71	81	47	65	64	93	78	56%	
13. OLÍUVERZLUN ÍSLANDS	4,04	+/-0,21	78	60	88	68	76	60	77	61	37%	
14. LANDSTEINAR ÍSLAND HF.	4,04	+/-0,30	72	84	78	84	36	76	60	76	25%	
15. ÍSTAK HF.	4,03	+/-0,26	87	96	53	45	20	58	78	88	36%	
16. DELTA HF.	4,03	+/-0,70	79	72	69	93	56	36	83	56	18%	
17. PRICEWATERHOUSECOOPERS EHF.	4,02	+/-0,26	77	61	86	69	68	35	74	80	-	
18. OPIN KERFI HF.	4,02	+/-0,26	83	87	79	64	61	35	81	50	38%	
19. DANIEL ÓLAFSSON EHF.	4,01	+/-0,28	65	63	98	74	66	36	85	38	46%	
20. SJÓVÁ-ÁLMENNAR TRYGGINGAR HF.	3,99	+/-0,24	78	54	77	63	74	46	72	67	42%	
21. EJS HF.	3,99	+/-0,10	69	59	47	75	75	75	79	72	33%	
22. TRYGGINGAMIDSTÖÐIN HF.	3,97	+/-0,21	75	72	70	39	50	73	69	84	51%	
23. ÍSLENSK ERFÐAGREINING EHF.	3,97	+/-0,13	64	68	83	58	63	76	65	71	38%	
24. INTRUM Á ÍSLANDI EHF.	3,96	+/-0,21	71	78	37	86	78	49	52	90	36%	
25. ADFÖNG	3,96	+/-0,24	79	98	49	49	82	68	39	49	17%	
26. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS HF.	3,93	+/-0,13	80	45	76	37	67	63	56	75	33%	
27. OLÍUFÉLAGIÐ HF. (ESSO)	3,91	+/-0,40	61	62	54	84	47	88	49	33	23%	
28. KASSAGERÐIN HF.	3,91	+/-0,25	58	69	47	79	48	83	46	66	23%	
29. TAL HF.	3,90	+/-0,20	74	56	29	62	51	62	70	69	43%	
30. ÁRVAKUR (MORGUNBLAÐIÐ)	3,89	+/-0,19	63	59	33	52	55	89	73	54	25%	
31. VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS	3,88	+/-0,26	59	94	57	45	76	60	75	22	50%	
32. STRENGUR HF.	3,88	+/-0,19	52	84	75	73	14	46	41	76	38%	
33. KAUPPING HF.	3,88	+/-0,13	72	83	65	50	43	37	55	55	34%	
34. SAMSKIP HF.	3,88	+/-0,31	70	52	71	36	49	54	63	64	30%	
35. VÍFILFELL HF.	3,88	+/-0,28	62	48	60	67	72	74	38	63	21%	
36. LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR	3,87	+/-0,50	59	40	35	55	99	59	61	58	40%	
37. KREDITKORT HF.	3,85	+/-0,15	57	47	49	57	41	61	67	70	41%	
38. NÝHERJI HF.	3,84	+/-0,17	52	43	67	71	28	33	62	72	29%	
39. TOLLVÖRUGHEYMSLAN-ZIMSEN HF.	3,83	+/-0,25	60	58	34	50	81	57	42	79	32%	
40. HUGUR HF.	3,83	+/-0,26	51	60	64	96	42	56	16	42	31%	
41. TÍU ELLEFU/HRADKAUP	3,82	+/-0,26	68	80	56	40	70	40	24	53	19%	
42. SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS	3,80	+/-0,21	44	24	44	90	70	64	42	44	33%	
43. SKYGGNIR HF.	3,80	+/-0,31	43	42	80	75	16	78	22	48	28%	
44. NÓI-SÍRIUS HF.	3,80	+/-0,37	35	24	62	27	80	96	68	51	27%	
45. ÍPRÓTTA- OG TÖMSTUNDRÁÐ	3,79	+/-0,13	64	27	39	44	54	50	72	43	23%	
46. AX HUGBÚNADARHÚS HF.	3,78	+/-0,15	46	56	58	74	30	50	27	59	36%	
47. VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.	3,77	+/-0,24	55	31	37	47	60	56	44	68	38%	
48. HUGVIT HF.	3,77	+/-0,14	50	67	21	94	17	38	54	28	28%	
49. ISS ÍSLAND EHF.	3,76	+/-0,28	43	36	56	87	37	44	36	39	38%	
50. OLÍUDREIFING EHF.	3,75	+/-0,43	54	77	11	43	60	81	44	26	42%	
51. NÝKAUP	3,75	+/-0,33	68	65	25	12	55	82	34	46	22%	

\* Húsmiðjan og Blómaval

## STÆRRI FYRIRTÆKI FRH.

	Meðalheildareinkunn		TRAUST			VIRÐING			STOLT		STARFSANDI	
		Vikmörk	1. Trúverðugleiki stjórnenda	2. Launakjör	3. Vinnuskilyrði	4. Sveigjanleiki vinnu	5. Sjálfstæði í starfi	6. Álag og kröfur	7. Stolt af starfi og fyrirtæki	8. Starfsandi	Svarhlutfall í fyrirtækinu	
52. MYLLAN-BRAUD HF.	3,73	+/-0,34	47	55	52	73	71	10	30	43	16%	
53. BÓNUS	3,73	+/-0,29	70	73	33	15	65	20	28	73	15%	
54. HANS PETERSEN HF.	3,72	+/-0,26	39	17	54	48	29	65	53	57	25%	
55. ÍSLANDSFLUG	3,72	+/-0,63	25	51	27	68	27	97	32	28	22%	
56. ACO TÆKNIVAL HF.	3,70	+/-0,16	63	51	42	49	42	29	17	38	20%	
57. BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR	3,69	+/-0,27	47	10	32	44	54	44	46	79	20%	
58. BIFREIDAR & LANDBÚNADARVÉLAR HF.	3,68	+/-0,53	41	34	85	18	69	31	22	41	17%	
59. PRENTSMÍÐJAN ODDI HF.	3,67	+/-0,27	36	32	15	62	77	33	52	44	47%	
60. MJÓLKURSAMSALAN Í REYKJAVÍK	3,66	+/-0,31	38	10	59	36	58	78	48	18	31%	
61. OSTA- OG SMJÓRSALAN	3,66	+/-0,44	32	29	48	54	46	55	43	23	28%	
62. FLUGFÉLAGIÐ ATLANTA	3,65	+/-0,19	26	45	20	65	39	45	59	25	30%	
63. KPMG ENDURSKOÐUN HF.	3,65	+/-0,25	34	34	75	61	9	7	57	27	29%	
64. ÍSLENSKA ÚTVARPSFÉLAGIÐ HF.	3,65	+/-0,36	37	41	43	51	47	42	15	65	25%	
65. AUSTURBAKKI HF.	3,64	+/-0,25	21	28	36	63	75	69	12	60	35%	
66. ÍSLANDSSÍMI HF.	3,62	+/-0,41	35	82	26	54	9	29	34	29	29%	
67. LYFJA HF.	3,61	+/-0,39	45	14	12	14	57	48	57	62	36%	
68. SKÍFAN	3,61	+/-0,20	31	28	55	60	52	41	8	51	27%	
69. PLASTPRENT	3,60	+/-0,36	36	22	58	22	20	43	3	47	27%	
70. BYKO HF.	3,59	+/-0,19	26	37	16	40	44	25	64	32	22%	
71. HARALDUR BÖDVARSSON HF.	3,58	+/-0,24	18	48	61	33	38	65	35	14	36%	
72. EDDA MIDLUN OG ÚTGÁFA	3,58	+/-0,21	28	40	31	53	57	28	18	30	28%	
73. KYNNISFERÐIR SF.	3,58	+/-0,83	29	47	30	8	15	74	50	42	17%	
74. HAGKAUP	3,57	+/-0,16	40	18	25	25	37	49	21	34	16%	
75. FLUGFÉLAG ÍSLANDS HF., AKUREYRI	3,56	+/-0,23	53	22	10	17	81	18	14	60	33%	
76. SKELJUNGUR HF.	3,55	+/-0,24	32	31	31	39	45	38	19	20	32%	
77. HÚSAMÍÐJAN HF*	3,54	+/-0,13	37	26	17	19	46	23	30	35	24%	
78. DEBENHAMS Á ÍSLANDI EHF.	3,54	+/-0,34	27	38	53	13	15	61	16	26	22%	
79. LÆKNASETRÍÐ EHF.	3,53	+/-0,36	41	41	35	6	44	15	58	18	100%	
80. PENNINN HF.	3,53	+/-0,16	28	19	26	29	41	25	38	23	43%	
81. GRÖÐURVÖRUR EHF.	3,51	+/-0,15	15	7	55	30	16	51	54	24	33%	
82. KAUPÁS HF.	3,51	+/-0,35	23	20	17	28	30	42	21	45	19%	
83. HEKLA HF.	3,50	+/-0,24	27	49	30	24	14	9	25	31	38%	
84. FRÓDI HF.	3,49	+/-0,24	40	30	7	16	40	23	23	29	36%	
85. FERDASKRIFSTOFA ÍSLANDS HF.	3,44	+/-0,13	16	4	12	42	33	24	33	52	30%	
86. INGVAR HELGASON HF.	3,40	+/-0,38	19	32	9	35	18	20	18	17	25%	
87. FLUGLEIDIR-FRAKT EHF.	3,35	+/-0,30	13	9	11	26	12	32	19	30	31%	
88. ÍSLENSKIR ADALVERKTAKAR	3,34	+/-0,32	7	12	52	16	52	54	15	3	50%	
89. HÓTEL SAGA EHF.	3,34	+/-0,62	33	9	4	2	59	8	45	66	35%	
90. FLUGLEIDIR	3,31	+/-0,12	18	6	14	22	29	10	7	31	26%	
91. RÍKISÚTVARPIÐ	3,29	+/-0,09	9	5	16	13	34	26	13	27	30%	
92. BÍLANAUST	3,26	+/-0,35	16	17	28	10	19	8	5	10	19%	
93. HÝSING HF.	3,23	+/-0,44	7	3	22	17	24	39	3	20	-	
94. MIKLATORG HF. (IKEA)	3,23	+/-0,29	12	11	8	18	11	22	8	9	35%	
95. FLUGLEIDAHÓTEL HF.	3,19	+/-0,30	11	5	13	4	21	17	12	22	33%	
96. GRAND HÓTEL REYKJAVÍK HF.	3,18	+/-0,51	8	8	19	3	12	7	29	19	31%	
97. RÚMFATALAGERINN	3,17	+/-0,37	5	14	14	21	3	19	7	8	20%	
98. ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON EHF.	3,17	+/-0,43	4	11	6	53	24	16	14	2	17%	
99. NTC HF.	3,15	+/-0,46	9	25	8	9	7	31	3	6	18%	



# ÁRSINS 2002

## MINNI FYRIRTÆKI

	Meðalheildareinkunn		TRAUST						VIRDING			STOLT		STARFSANDI						
	Vikmörk		1. Trúverðugleiki stjómenda	2. Launakjör	3. Vinnuskilyrði	4. Sveigjanleiki vinnu	5. Sjálfstæði í starfi	6. Álag og kröfur	7. Stolt af starfi og fyrirtæki	8. Starfsandi	Svarhlutfall í fyrirtækinu	1. Trúverðugleiki stjómenda	2. Launakjör	3. Vinnuskilyrði	4. Sveigjanleiki vinnu		5. Sjálfstæði í starfi	6. Álag og kröfur	7. Stolt af starfi og fyrirtæki	8. Starfsandi
HEILD (FJÖLDI SVARENDA 641)	3,81	+/-0,05																		
1. TANDUR HF.	4,64	+/-0,20	100	100	99	78	100	98	100	99	78%									
2. DRESSMANN Á ÍSLANDI EHF.	4,49	+/-0,12	99	97	74	98	91	97	97	98	50%									
3. AMADEUS ÍSLAND HF.	4,39	+/-0,12	99	86	89	11	99	99	98	96	80%									
4. ALLIED DOMECO SPIRITS & WINE HF.	4,37	+/-0,35	98	99	79	90	98	15	97	97	63%									
5. ÁGÚST ÁRMANN EHF.	4,35	+/-0,36	98	99	85	80	95	83	86	87	45%									
6. HALLDÓR JÓNSSON EHF.	4,32	+/-0,26	89	88	87	82	93	95	96	95	35%									
7. LÝSI HF.	4,29	+/-0,25	96	94	79	77	31	94	92	96	36%									
8. HVÍTA HÚSID EHF.	4,28	+/-0,33	87	80	98	89	94	89	91	80	36%									
9. MEDICO EHF.	4,26	+/-0,40	93	58	100	19	87	99	90	93	57%									
10. LÆKNISFRÆÐILEG MYNDGREINING EHF.	4,25	+/-0,15	81	95	94	88	94	96	81	70	27%									
11. TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN	4,25	+/-0,45	97	84	68	52	85	75	99	97	86%									
12. POULSEN EHF.	4,22	+/-0,10	84	97	94	32	85	93	98	88	57%									
13. ALÞJÓDA LÍFTRYGGINGARFÉLAGIÐ	4,22	+/-0,18	95	80	41	97	98	52	66	100	56%									
14. MIDLUN EHF.	4,18	+/-0,17	93	90	88	33	92	95	58	95	22%									
15. A. KARLSSON HF.	4,18	+/-0,24	89	88	97	70	61	81	80	78	55%									
16. ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF.	4,17	+/-0,31	84	91	73	83	88	57	92	90	48%									
17. FÍTON	4,16	+/-0,28	94	78	95	30	82	68	88	87	50%									
18. HÖLDUR EHF.	4,16	+/-0,61	90	90	82	66	84	62	88	85	45%									
19. NEYTENDASAMTÖKIN	4,16	+/-0,30	94	77	66	81	90	66	79	88	63%									
20. HEIMSPERDIR EHF.	4,15	+/-0,12	95	49	92	31	56	86	90	94	39%									
21. SAMEINADA LÍFTRYGGINGARFÉLAGIÐ HF.	4,15	+/-0,42	81	74	99	57	88	83	71	89	40%									
22. ENDURVINNSLAN	4,15	+/-0,19	85	86	92	32	86	100	46	53	80%									
23. HEILSA EHF.	4,14	+/-0,28	75	92	80	56	90	91	84	93	22%									
24. BLINDRAFÉLAGIÐ	4,13	+/-0,45	86	90	61	72	89	86	82	82	63%									
25. DREIFING EHF.	4,09	+/-0,51	92	87	72	41	96	59	69	76	31%									
26. SKÓLAVÖRUBÚÐIN EHF.	4,08	+/-0,36	88	68	68	81	97	13	78	92	46%									
27. UNGMENNAFÉLAGIÐ BREIDABLIK	4,07	+/-0,56	86	64	64	85	62	90	61	74	36%									
28. VERZLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR	4,07	+/-0,16	69	79	76	93	49	82	71	68	55%									
29. HEGAS EHF.	4,07	+/-0,23	76	30	69	70	88	87	95	83	57%									
30. INNES EHF.	4,03	+/-0,44	66	69	90	48	96	67	80	58	22%									
31. LEX EHF.	4,01	+/-0,40	51	93	72	79	72	80	68	64	80%									
32. HÖPVINNUKERFI EHF.	4,01	+/-0,43	73	54	44	95	69	70	69	86	40%									
33. JÓHANN ÓLAFSSON OG CO. EHF.	4,00	+/-0,29	80	76	74	20	72	92	83	45	25%									
34. ÍSLENSK-AMÉRISKA EHF.	3,99	+/-0,37	76	66	84	65	83	24	76	52	58%									
35. SINDRA-STÁL HF.	3,96	+/-0,30	57	53	82	91	92	52	55	46	32%									
36. LÍFEYRISSJÓÐUR SJÓMANNA	3,95	+/-0,24	67	66	96	80	97	70	17	12	60%									
37. SKRÁNINGARSTOFAN HF.	3,95	+/-0,23	66	42	79	86	77	87	11	86	46%									
38. SMITH & NORLAND	3,95	+/-0,48	46	57	91	27	62	93	91	57	38%									
39. OMEGA FARMA	3,93	+/-0,21	38	53	50	92	45	79	93	62	47%									
40. LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA	3,89	+/-0,23	56	55	97	25	89	47	49	55	41%									
41. GLOBUS HF.	3,89	+/-0,38	56	82	4	82	79	73	87	73	73%									
42. KPMG RÁÐGJÖF EHF.	3,87	+/-0,47	55	38	70	92	19	27	65	75	44%									
43. KNATTSPYRNUMBAND ÍSLANDS	3,85	+/-0,35	63	27	92	26	62	14	46	98	67%									
44. RÝMI EHF.	3,84	+/-0,33	74	64	19	43	52	70	41	81	44%									
45. BAUGUR HF.	3,84	+/-0,26	71	91	38	76	26	30	36	37	76%									
46. HARPA-SJÓFN HF.	3,84	+/-0,39	73	82	42	14	83	22	64	77	19%									
47. SLIPPFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK	3,84	+/-0,66	60	58	45	10	68	90	77	54	52%									
48. THORARENSEN LYF EHF.	3,84	+/-0,55	23	34	87	96	40	66	40	69	42%									
49. PLAST-MÍÐAR OG TÆKI EHF.	3,83	+/-0,57	58	76	51	72	28	91	25	21	75%									
50. REKSTRARVÖRUR EHF.	3,82	+/-0,37	48	44	46	46	71	39	87	63	40%									
51. SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG	3,81	+/-0,35	42	78	63	58	26	11	94	36	43%									

## MINNI FYRIRTÆKI FRH.

upplýsingagrunn hvað snertir mat á stöðu fyrirtækisins á hverjum tímamarki, auk þess sem samanburður á milli ára gefur til kynna hvaða árangur hefur náðst eða hvaða þættir hafa dalað. Frumforsendan er þó sú að fyrirtæki búi jafnt yfir skilningi á mikilvægi innra starfsumhverfisins sem og vilja til að gera það sem best úr garði. Í þessum efnum hafa allir sama ávinning. Fyrirtæki er ekkert án starfsfólks og starfsfólk ekkert án fyrirtækis.

## Þátttaka í könnuninni:

Þátttakendur í könnuninni voru félagsmenn VR eða VA sem höfðu greitt félagsgjöld í a.m.k. þrjú mánuði. Einnig var sett það skilyrði að í fyrirtækinu ynnu a.m.k. 5 félagsmenn VR eða VA. Félagsmönnum í 540 fyrirtækjum var sendur spurningalisti, auk þess sem þrjú fyrirtæki, Deloitte & Touche, PricewaterhouseCoopers og IMG, óskuðu eftir að allir starfsmenn þeirra fengju könnunina senda, óháð félagsaðild. Jafnframt tóku starfsmenn RÚV og ÍTR þátt í könnuninni. Fleiri fyrirtæki hafa nú þegar óskað eftir þátttöku allra starfsmanna í næstu könnun. Heildarhópurinn taldi alls 11.352 manns en svörin var 27,7% eða 3.148 manns.

## Að lokum:

Leið fyrirtækja að eftirsóknarverðum vinnustað má skipta í þrjú þrep:

1. Skilning á samsetningu og samvirkni þáttanna fjögurra; trausts, virðingar, stólts og starfsanda.
2. Mat á veikleikum og um leið styrkleikum fyrirtækisins með hliðsjón af niðurstöðum úr valinu á Fyrirtæki ársins.
3. Aðgerðir sem taka mið af slíkri greiningu.

Öll þrepin hvíla á þeim grunni sem val á Fyrirtæki ársins myndar. Valið felur í sér dýrmætan

## Hvað veldur launamuni kynjanna?

Elva Brá Aðalsteinsdóttir BA í sálfræði og Snædís Eva Sigurðardóttir nemi í sálfræði við Háskóla Íslands fengu í sumar styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og VR til að vinna rannsóknarverkefni um launamun kynjanna.

Eftirfarandi grein fjallar um helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

Hvatning á bak við gerð þessarar rannsóknar var umræðan um að enn sé kynbundinn launamunur ríkjandi á Íslandi. Launakannanir VR hafa sýnt fram á sláandi mun á launum fólks eftir kyni. Þó virðast nýjustu kannanir benda til þess að launabilið sé að minnka. Áhugavert þótti að athuga hvað viðheldur þessum launamun og hvernig megi skýra hann.

Leitað var eftir samstarfi við trúnaðarmenn VR og brugðust þeir mjög vel við. Trúnaðarmenn sá um dreifingu listanna til félagsmanna VR innan fyrirtækis síns. Sendir voru út 600 listar og var svarhlutfallið 44%. Kynjaskiptingin var 176 konur (66,9%) og 86 karlar (32,7%), sem er í samræmi við hlutföll kynjanna í VR. Listinn samanstóð af spurningum um persónulegar upplýsingar eins og aldur, kyn, menntun og fleira. Þar á eftir voru svarendur beðnir um að taka afstöðu til ýmissa fullyrðinga. Fullyrðingarnar spruttu af hugmyndum fólks í kringum rannsóknaraðila um þætti sem viðhalda launamuninum sem og heimildum um efnið. Að auki var athugað hvort aðgerðir VR til að minnka launamuninn hafi borið árangur. Til að mynda hvort fólk nýti sér markaðslaun þegar launakröfur eru gerðar og hvort fólk undirbúi sig undir launaviðtöl.

Könnunin staðfesti niðurstöður annarra rannsókna um að karlar óska sér mun hærri launa en konur. Konur óska sér í flestum tilfellum 250-299 þúsund króna í mánaðarlaun. Karlmennt óska sér oftast 350 þúsund króna eða meira. Nokkur dæmi sýndu að karlmennt fóru allt upp í 900 þúsund í hugmyndum sínum um óskalaun. Aðeins ein kona nefndi tölu yfir 500 þúsund. Meirihluti mæðra var með laun undir 200 þúsund (60%) en meirihluti fedra var með laun yfir 200 þúsund (52%).

### Fleiri konur en karlar miða við markaðslaun

Niðurstöðurnar úr seinni hluta spurningalistans benda til að meirihluti þátttakenda styðst við markaðslaun þegar samið er um laun svo sennilega er vakningin um nýtt launakerfi, ef svo má að orði komast, að skila árangri. Fleiri konur en karlar miða við markaðslaun. Konur búa sig frekar undir launaviðtöl en karlar. Það rennir stoðum undir að vitundarvakning hafi orðið meðal kvenna um laun sín og rétt til hærri launa. Þó að konur geri minni kröfur til launa virðast þær hafa jafn miklar væntingar og karlar til þess að launin muni hækka. Körlum þótti í fleiri tilvikum eðlilegt að þeir mennti sig til tekjuhærri starfa en konur með það til grundvallar að þeir séu fyrirvinnur fjölskyldunnar.

### Fjölskylduábyrgð

Enn eru margir sem telja að það sé fyrst og fremst ábyrgð mæðra að annast börnin en 65% allra þátttakenda telja þó foreldrahlutverkið nægilega mikilvægt til að aðlaga vinnu sína að því. Enginn kynjamunur kom fram hvað það varðar og má álykta sem svo að karlmennt séu að sækja í sig veðrið með að taka ábyrgð á umönnun barnanna.



Snædís Eva Sigurðardóttir og Elva Brá Aðalsteinsdóttir.

Nokkra athygli vakti að þeir karlar sem vildu minnka við sig vinnu til að vera með börnum sínum voru með laun í kringum 300 þúsund og yfir. Aftur á móti voru það konur með lægri mánaðarlaun en 200 þúsund krónur sem voru áhugasamastar um að vinna minna eða vera heimavinnandi. Þær konur sem hafa lág laun sjá ekki að þeirra framlag til fjármálanna breyti miklu og finnst laun þeirra mega missa sín til að geta sinnt heimilinu og börnunum. Það er því ekki ósennilegt að hálauna karlmennt vilji vinna minni yfirvinnu.

### Konur skortir sjálfs-traust á vinnumarkaði

Konur fórnar frekar möguleika sínum á starfsframa en karlar til að geta sinnt börnunum. Að auki segjast fleiri konur en karlar ekki leggja í að biðja um stöðuhækkun því þær vita fyrirfram að þær muni ekki fá hana. Karlmennt voru mun sáttari en konur við þá verkskiptingu að þeir alí önn fyrir fjölskyldunni og konurnar sjái um heimilið. Konur voru frekar á þeirri skoðun að makinn hefði meiri möguleika í vinnu og þjónaði því hlutverki fyrirvinnunnar. Vísendingar voru um að fleiri konur en karlar telja sig yfirhöfuð

ekki verðskulda hærri laun þar sem þær telja sig ekki hafa nógu margt fram að færa. Þessi niðurstæða gæti ýtt undir hugmyndir sem fyrir eru, um að konur skortir sjálfstraust á vinnumarkaði. Nokkur hluti þátttakenda sagðist ekki gera hærri launakröfur því þeir náði ekki meiru út úr vinnuveitanda sínum. Hér voru einnig vísendingar um að þetta viðhorf ætti frekar við konur en karla.

### Staðalímynd um konur

Niðurstöðurnar sína fyrst og fremst fram á að launamunurinn viðheldur vegna samspils margra þátta. Fyrsta og augljósasta skýringin er líffræðilegt hlutverk kvenna. Það fellur aðallega í þeirra hlut að annast ungvíðid fyrst um sinn, þar af leiðandi falla þær út af vinnumarkaði í einhvern tíma. Framgangur þeirra í starfi

verður því stopullur en karlanna og það hefur áhrif á launin. Ef karlar nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og missa einnig tíma úr vinnu verður ekki hægt að nota það sem átyllu, til að réttlæta launamuninn, að annað kynið hverfi út af vinnumarkaði í einhvern tíma. Vegna þessa líffræðilega hlutverks kvenna hefur orðið til staðalímynd um konur, til dæmis að þær séu óáreiðanlegri starfskraftar. Þessi rannsókn sýnir fram á að þessar ímyndir séu enn við lýði á íslenskum vinnumarkaði.

### Réttlát starfsmatskerfi nauðsynleg

Önnur skýring á launamuninum er söguleg. Í gegnum tíðina hafa konur mannað störf sem þykja of göfug til að krefjast hárra launa fyrir þau, s.s. umönnunarstörf. Konur í dag þurfa kannski að færa sig yfir á svið sem hingað til að hafa tilheyrt karlmönnum til að eiga möguleika á hærri launum. Á þeim sviðum hafa leikreglurnar verið búnar til af karlmönnum og því þurfa konur mögulega að tileinka sér karlmannlega eiginleika til að standa sig vel á sviðinu. Því þyrfti að gera kvenlegum eiginleikum hærra undir höfði og meta þeirra eiginleika og framlag að verðleikum. Það mun ef til vill nast með réttlátu frammiðstöðu- og starfsmatskerfi. Konur þurfa vissulega að hafa áhrif á gang mála en fleiri aðilar þurfa að koma að til að jafnrétti náist.

## 1% SPARNAÐUR

### Í séreignarsjóð án framlags af hálfu launamanns

Rétt er að vekja athygli á því að skv. samningi milli ASÍ annarsvegar og Samtaka atvinnulífsins hinsvegar frá 13. desember 2001 var samið um viðbótarframlag í séreignarsjóð og aukna launahækkun þann 1. janúar 2003 sem verður þá alls 3,4%.

Samkvæmt gildandi kjarasamningum er vinnuveitanda skylt frá 1. janúar 2002 að greiða 2% mótframlag í séreignarsjóð gegn 2% viðbótarframlagi launamanns.

Samkomulag er um breytingar á þessu ákvæði er þannig að frá og með 1. júlí 2002 munu vinnuveitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð

launamanns, án framlags af hálfu launamanns.

Þetta þýðir að allir starfsmenn eru því að fá mótframlag frá vinnuveitanda í séreignarsjóð. Þeir starfsmenn sem eru að spara fá sama framlag frá vinnuveitanda og áður, en þeir sem ekki hafa verið að spara, fá nú mótframlag frá vinnuveitanda sem nemur þessu 1%.





# Góður dagur í Laugardal

Að venju var VR með fjölskylduhátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal á frídegi verslunarmanna. Þar var eins og sjá má af meðfylgjandi myndum ýmislegt til gamans gert. Snúðra og Tuðra léku á als oddi, Sigga Beinteins og Grétar Örvarsson tóku lagið, Björgvin Frans var með kynngimagnaða galdrasýningu og fjölskyldugarðsálfurinn kom í heimsókn. Auk þess voru skemmtilegar hjólaþrautir, leiktæki voru á staðnum, eldgleypir sýndi listir sínar og margt fleira. Veðrið var ágætt og komu rúmlega 9000 gestir í garðinn þennan dag en þetta var í sjöunda sinn sem VR stendur fyrir hátíðahöldum á þessum degi í garðinum. Myndirnar tók Erling Ó. Aðalsteinsson.





Þegar ævilokin nálgast hafa margir þörf fyrir að velta fyrir sér hvað skiptir raunverulega máli. Fólki, þegar það horfir til baka, óskar þess oft að það hefði tekið aðrar ákvarðanir um líf sitt.

Margir hugsa um það sem þeir gerðu og ennþá fleiri um það sem þeir hefðu viljað gera en gerðu ekki. Margir eru með eftirsjá með tilliti til persónulegs lífs síns. Þau markmið sem menn stefndu að fóru oft á kostnað annarra þátta eins og fjölskyldunnar og vinanna. Vinnan hefur gagntekið þá og þeir hafa ekki fundið tíma til að taka þátt í neinu öðru sem skiptir þá verulegu máli, eins og t.d. að stunda áhugamálin, horfa á leikrit barnanna í skólanum eða einfaldlega lesa skáldsögu. Vinnan er oft tekin fram yfir fjölskylduna á meðan við hugsum „Einn daginn þá...” og þannig frestum við því sem okkur langar að gera. Við höldum að það sé nægur tími eftir en uppgötvum þegar við horfum til baka að það var ekki tilfellið. Það sorglega er að það eru ekki margir á dánarbeðinu sem óska þess að þeir hefðu varið meiri tíma í vinnunni. Útfarastjórinn á enn eftir að hitta ekkjuna sem kvartar undan því að eiginmaður hennar varði of litlum tíma á skrifstofunni!

## Mörg hlutverk til að sinna

Nýlegar rannsóknir sýna að næstmesti streituvaldurinn í vinnunni er það að reyna að samræma vinnu og einkalíf. Við lifum erilsömu lífi og erum í mörgum hlutverkum; við erum m.a. starfsmenn, foreldrar, makar, vinir og

# Ingrid Kuhlman: Er líf eftir vinnuna? – Að samræma starf og einkalíf

vinkonur, börn foreldra okkar og samfélagsverur. Það er oft og tíðum mikil áskorun að reyna að halda jafnvæginu milli starfsframa, fjölskyldunnar, umönnunar foreldra okkar, áhugamála, félags- og tómstundastarfs, símenntunar og annarra mikilvægra þátta lífsins. Við dreifum tímanum yfir margt í einu og reynum að uppfylla allar þær væntingar sem samfélagið, vinnan og fjölskyldan gera til okkar. Margir finna sig neyddu til að forna fjölskyldunni fyrir vinnuna. Þeir eru með hugann við vinnuna þegar þeir verja tíma með fjölskyldunni og eru með samviskubít þegar þeir verja of miklum tíma í vinnunni. Þegar vinna og einkalífið stangast

þannig á getur myndast ójafnvægi og togstreita af ýmsum toga.

## Höfum allan þann tíma sem til er

Tíminn er merkilegt fyrirbæri. Við höfum öll jafn mikið af honum – 24 klukkustundir á dag, 7 daga í viku – ekki minna og ekki meira. Við höfum öll of mikið að gera. Tíminn er miklu meira virði en peningar, því við getum alltaf aflað meiri peninga, en við getum ekki endurlífað lífið. Um leið og tíminn er farinn kemur hann ekki aftur. Við getum ekki skapað tíma og við getum ekki geymt hann, aðeins varið honum. Við getum ekki einu sinni ákveðið að verja

honum, aðeins hvernig. Tíminn er lífið. Þess vegna er mikilvægt að við komumst í tengsl við innri gildi okkar, það sem skiptir okkur raunverulega máli, bæði í vinnunni og í einkalífinu. Við þurfum að ákveða hvað við viljum fá út úr lífinu.

## Margir bíða eftir vakningu

Margir taka meiri tíma í að skipuleggja sumarfríð en lífið sitt. Við lifum lífinu af hendingu í stað þess að lifa því af ásettum ráði. Að skipuleggja okkur og ákveða hvað við viljum fá út úr lífinu getur veitt okkur mikla ánægju. Tilfinningin að við stjórnum eigin lífi og höfum áhrif á það sem gerist er mjög mikilvægt fyrir vellíðan okkar. Stundum er það ekki fyrr en þegar ástvinur okkar deyr, við stöndum í skilnaði eða fáum þau tíðindi að við erum með ólæknandi sjúkdóm að við förum loks að sinna því sem við vitum að gefur lífinu gildi. Við sjáum allt í einu það sem hefði geta orðið, en varð aldrei af því að við vorum of upptekin. Það sorglega er að margir fá aldrei slíka vakningu.

## Í upphafi skyldi endirinn skoða

Stephen Covey, höfundur bókarrinnar *Seven Habits of Highly Effective People*, mælir með því að við veltum fyrir okkur hvar við viljum vera stödd á síðasta degi lífs okkar í vinnunni, með fjölskyldunni, með vinum o.s.frv. Svarið við þeirri spurningu hjálpi okkur við að einblína á markmiðin okkar í lífinu. Næsta skrefið er að skoða hvar við stöndum í dag og hvernig við getum komist þangað sem við viljum fara.

Önnur spurning sem getur vak-

ið okkur til umhugsunar um hvort það sé samræmi milli þess sem við gerum og þess sem við þráum, er að velta fyrir okkur hvernig við myndum vilja verja tímanum ef við ættum aðeins hálf ár eftir ólífi. Algeng svör við þeirri spurningu eru: Verja meiri tíma með vinum mínum, ferðast, mynda dýpri tengsl við börnin mín eða maka. En eftir hverju erum við að bíða? Af hverju gerum við aðalatriðin ekki að aðalatriðum? Af hverju er ekki hægt að verja meiri tíma með ástvinum í dag eða mynda dýpri tengsl við fólkið í kringum okkur? Málið er að við munum aldrei hafa nægan tíma fyrir allt, en við höfum alltaf tíma til að gera það sem skiptir okkur mestu máli. Eina leiðin til að fá tíma til að gera það sem okkur langar til að gera er að taka hann. Tíminn flýgur, um það höfum við ekkert val. En við getum valið hvort við erum farþegar eða flugmenn. Hvort ert þú?



Ingrid Kuhlman.

Greinarhöfundur er hjálpari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf. og heldur m.a. námskeið í að samræma vinnu og einkalíf hjá VR. Sjá nánar bls.7.

## MENNT.IS – UPPLÝSINGAVEFUR

# Allt námsframboð á einum stað

„Mennt.is er upplýsingavefur sem hýsir upplýsingar um nám sem í boði er á Íslandi eftir að grunnskólanámi lýkur, bæði nám innan hins hefðbundna skólakerfis svo og námskeið sem hægt er að stunda á almennum markaði.” segir Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Menntar.

„Þar getur fólk nálgast á einum stað upplýsingar um námsframboð eftir að grunnskólanámi lýkur. Til þessa hafa þessar upplýsingar verið dreifðar og því oft erfiðleikum bundið fyrir fólk að afla sér upplýsinga nema að þekkja vel til annað hvort viðkomandi fræðsluáðila og/eða hvaða aðilar bjóða upp á það nám eða fræðslu sem hugurinn stendur til. Tilgangurinn er því að

bjóða upp á heildarsýn yfir það námsframboð sem í boði er hvort sem um formlegt nám innan skólakerfisins er að ræða eða námskeið á almennum markaði. Mennt.is auðveldar fólki að nálgast þessar upplýsingar og ekki síður að bera saman allt það nám og fræðslu sem í boði er m.t.t. námslýsinga, staðsetningu, kostnaðar o.s.frv., því upplýsingarnar eru á stöðluðu formi sem gerir allan samanburð auðveldan.”

## Auðveld leit – ókeypis þjónusta

Þóra segir leitina á mennt.is mjög einfalda og hannaða með það í huga að allir eigi að geta nýtt sér hana og er þjónustan við notendur ókeypis. Notandinn getur farið inn á upplýsingavefinn og nálgast upplýsingar um nám hvort sem leitað er almennt í gagnagrunninum, t.d. leitað eftir enskunámi á öllu landinu eða gerð sértæk leit, t.d. leitað eftir



Þóra R. Stefánsdóttir.

byrjunaráfanga í ensku á Vestfjörðum. Einnig er skráninga- og greiðslukerfi á upplýsingavefnum og notendur geta því bæði skráð sig í nám eða á námskeið á netinu og jafnframt greitt fyrir.

„Vefurinn mun tvímælalaust nýtast almenningi sem er að leita eftir námi eða námskeiðum, þeim aðilum sem eru að veita ráðgjöf varðandi námsframboð s.s. náms- og starfsráðgjöfum, fyrirtækjum, samtökum, stofnunum sem eru

að skipuleggja námskeið fyrir sína starfsmenn eða félagsmenn og síðan öllum þeim fræðsluáðilum sem eru að bjóða upp á námskeið. Almennur fær heildaryfirlit yfir þá fræðslu og það nám sem í boði er og síðan einfaldar þetta einnig þeim fræðslustjórum og forvarsmonnum fræðslumála í fyrirtækjum sem skipuleggja námskeiðahald,” segir Þóra.

## Rafrænn námsráðgjafi

En ýmislegt fleira er á döfinni því fyrirhugað er að þróa „rafrænan námsráðgjafa” sem verður þannig hannaður að einstaklingurinn svarar nokkrum spurningum og niðurstöður greiningar sýna áhugasvið viðkomandi. Rafræni námsráðgjafinn beinir síðan einstaklingnum inn á ákveðna braut í vali á námi eða námskeiðum og skeir síðan námsleiðir inn í gagnagrunn upplýsingavefsins.

## Fjölbreytt nýting

Upplýsingavefurinn mun nýtast fólki á öllum aldri. „Þar verða aðgengilegar bækur á raf-rænu formi sem menntamálaráðuneytið hefur gefið áður út á prenti þ.e. *Nám að loknum grunnskóla* og *Nám að loknum framhaldsskóla* þannig að notendur verða ekki bara þeir sem eru komnir í framhaldsskóla, á háskólastig eða hafa lokið formlegu námi og hyggja á símenntun heldur líka þeir sem eru að huga að framtíðinni varðandi námsval,” segir Þóra að lokum.

Vefslóð upplýsingavefsins er [www.mennt.is](http://www.mennt.is) og eru allir hvattir til að nýta sér þennan miðil til upplýsingaöflunar um nám á Íslandi.





**Ekki bera allt einn**

Leyfðu  
að bera  
ábyrgðina  
**okkur**  
**með þér**

Eftir því sem tíminn líður stækkar fjölskyldan og eignir hennar aukast. Um leið eykst ábyrgðin sem við berum hvert og eitt. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að njóta bestu tryggingaverndarinnar á hverjum tíma. Þar er VÍS í broddi fylkingar,

m.a. með F plús fjölskyldutryggingunni, sem er viðameiri og víðtækari fjölskyldutrygging en nokkur annar býður.

Við erum ávallt reiðubúin til að tvöfalda öryggi þitt - með því að bera ábyrgðina með þér.



þar sem tryggingar  
snúast um fólk

# Átt þú rétt á fræðslustyrk?

Allir félagsmenn VR geta sótt um styrk til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks sem stofnaður var í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2000. Styrkirnir nema allt að helmingi námskeiðsgjalda, þó að hámarki kr. 60 þúsund á ári. Upphæð fer eftir stigaeign hvers og eins en eitt stig er gefið fyrir hvern mánuð sem greitt er iðgjald í sjóðinn.

Dæmi: Félagismaður sem hefur greitt iðgjald í þrjú ár á inni 36 stig sem samsvarar styrk að upphæð kr. 36 þúsund. Þeir sem eru með hærri tekjur en kr. 150 þúsund á mánuði fá hlutfallslega hærri styrk. Sem dæmi má nefna félagsmann sem hefur kr. 180 þúsund krónur í tekjur á mánuði.

Hann fær 1,2 stig á mánuði (180.000 / 150.000 = 1.2) en það samsvarar kr. 1.200 styrk á mánuði.

## Skilyrði fyrir styrk

Skilyrði fyrir því að fá styrk er að félagismaður sé greiddandi til félagsins þegar sótt er um styrk, þ.e. hafi greitt til sjóðsins lágmarksgjald sem samsvarar lágmarksfélagsgjaldi VR á undanmengnum 12 mánuðum eða alls kr. 6.047 miðað við árið 2002. Það er það einnig skilyrði að viðkomandi ljúki þátttöku á námskeiðinu og standist þær kröfur sem gerðar eru.

Styrkur til félagsmanns getur aldrei numið hærri fjárhæð en stigaeign hans. Hann þarf að greiða fyrir námskeiðið sjálfur til að fá greiddan fullan styrk. Ekki eru styrkt námskeið sem atvinnurekandi sendir félagsmann á en taki atvinnurekandi þátt í kostnaði á námskeiði sem er ekki tengt starfinu þarf hann að staðfesta á greiðsluvittuninni með undir-

skrift og stimpli hversu stóran hluta hann greiðir.

Styrkir eru greiddir eftir að námi lýkur. Skila þarf inn viðurkenningarskjali en að náminu sé lokið, greiðsluvittum og upplýsingum um banka- og reikningsnúmer. Gögn og umsóknir um styrk þurfa að berast innan 12 mánaða frá námslokum.

## Veittir styrkir

### Starfsmenntastyrkur

Veittur er starfsmenntastyrkur allt að kr. 60.000 á ári en þó aldrei meira en sem nemur helmingi námskeiðsgjalds. Fullan styrk má nýta í fleiri en eitt námskeið. Stig dragast frá í samræmi við þá fjárhæð sem greidd er. Sé fræðslustyrkur nýttur að fullu dragast 60 stig frá inneign.

### Tómstundastyrkur

Veittur er styrkur til að sækja tómstundanámskeið að fjárhæð kr. 8.000 á ári, en þó aldrei meira en sem nemur helmingi námskeiðs-

gjalds. Fullan styrk má nýta í fleiri en eitt námskeið. Stigaeign dregst frá í samræmi við þá fjárhæð sem greidd er. Sé tómstundastyrkur nýttur að fullu dragast 8 stig frá inneign.

### Ferðastyrkur

Hægt er að sækja um ferðastyrk vegna sérstakra námsferða. Með námsferð er ekki átt við

sölu/vörusýningar, heimsóknir í einstök fyrirtæki, ráðstefnur almenns eðlis og starfsþjálfun. Reglur um ferðastyrki eru þær sömu og um fræðslustyrki.

Sjá einnig nánar um styrkveitingar og reglur Starfsmenntasjóðsins sem og umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á heimasíðu sjóðsins, [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is)

## Hafðu hugfast að...

- starfsmenntastyrkur, tómstundastyrkur og ferðastyrkur geta aldrei orðið samanlagt hærri en kr. 60.000 á ári,
- mikilvægt er að öll gögn vegna umsóknar um fræðslustyrk berist VR á sama tíma til að fyrirbyggja tafir á afgreiðslu styrkja,
- styrkir eru greiddir út tvisvar sinnum í mánuði, um mánaðamót og um miðjan mánuðinn.

# AFSLÁTTUR TIL FÉLAGSMANNA VR

Eftirtaldir aðilar veita félagsmönnum VR afslátt af námskeiðsgjöldum skólaárið 2002 – 2003. Athugið að framvísa þarf staðfestingu á félagsaðild en slíka staðfestingu er unnt að fá á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, sími 510 1700. Vinsamlega látið vita af félagsaðild og afslætti við skráningu. Nánari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu félagsins [www.vr.is](http://www.vr.is)

**Enskuskólinn** veitir 10% afslátt af öllum námskeiðum. Nánari upplýsingar í síma 588 0303 og á heimasíðunni [www.enskuskolinn.is](http://www.enskuskolinn.is)

**Fullorðinsfræðslan** veitir 10% afslátt af almennum námskeiðum í ensku og spænsku, 5% afslátt af gjaldi fyrir einkatíma, námsaðstoð og stuðningsnámskeið. Nánari upplýsingar í síma 587 1185 og á heimasíðunni <http://ff.icetrans.is>

**Förðunarskóli NO NAME** veitir 5% afslátt af 12 vikna námskeiði í förðun. Hægt er að bæta við framhaldsnámskeiði, 13 vikur. Nánari upplýsingar í síma: 588 6525 og á heimasíðunni [www.noname.is](http://www.noname.is)

**Gítarskóli Ólafs Gauks** veitir 10% afslátt af námskeiðsgjöldum. Nánari upplýsingar í síma 588 3730.

**Heimilisiðnaðarskólinn** veitir 10% afslátt af námskeiðsgjöldum. Námskeið heimilisiðnaðarskólans tengjast þjóðbúningagerð og hefðbundnu handverki. Nánari upplýsingar í símu 551 7800 og á heimasíðunni [www.islandia.is/~heimilisiðnaður/](http://www.islandia.is/~heimilisiðnaður/)

**Hraðlestrar-skólinn** veitir 10% afslátt af námskeiðum. Nánari upplýsingar í síma 565 9500 og á heimasíðunni [www.hradlestrar-skolinn.ismennt.is](http://www.hradlestrar-skolinn.ismennt.is)

**Iðntæknistofnun** veitir 10% afslátt á öll námskeið nema vinnuvélanámskeiðin. Iðntæknistofnun leggur sérstaka áherslu á stutt starfsnám, þ.e. 100 – 150 stunda markvisst, faglegt nám fyrir einstaklinga sem vilja búa sig undir ný störf. Námið er skipulagt með það fyrir augum að fólk geti stundað það meðfram vinnu. Nánari upplýsingar í síma 570 7100 og heimasíðunni [www.iti.is](http://www.iti.is)

**Landsteinar** bjóða félagsmönnum vr 10% afslátt af námi í hönnun og notkun í Navision Attain. Námskeiðið hefst 2. okt. og lýkur 11. des. nk. Alls 140 klst. Fullt verð er kr. 156.000 en félagsmenn VR greiða 140.400. Félagsmenn fá 15% afslátt af öllum styttri námskeiðum. Nánari upplýsingar í síma 570 700 og heimasíðunni [www.landsteinar.is](http://www.landsteinar.is).

**Leirkrúsin** veitir 5% afslátt af grunnnámskeiðum og 10% afslátt af framhaldsnámskeiðum. Nánari upplýsingar í síma 564 0607 og á heimasíðunni [www.leir.is](http://www.leir.is)

**Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð símenntunar** veitir 12% afslátt af öllum almennum námskeiðum, s.s. tungumálanám-skeiðum, námskeiðum í handverk- og listgreinum, tölvunám-skeiðum, bókhalds- og rekstrar-námskeiðum o.fl. Nánari upplýsingar í síma 585 5860 og á heimasíðunni [www.namsflokk-ar.hafnarfjordur.is](http://www.namsflokk-ar.hafnarfjordur.is)

**Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn** veitir 15% afslátt af almennum tölvunámi og TÖK tölvunámi. Einnig er veittur 7% afsláttur af lengri námskeiðum. Nánari upplýsingar í símu 555 4980 og 544 4500 eða á heimasíðunni [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

**Rafiðnaðarskólinn** veitir 10% afslátt af eftirfarandi námsbrautum: Tölvu- og rekstrarnám sem er 280 stunda nám í tölvunotkun og bókhaldi, Tölvur og vinnu-umhverfi 1 sem er 120 kennslustunda nám fyrir byrjendur í tölvunotkun og Tölvur og vinnu-umhverfi 2 sem einnig er 120 kennslustundir en er fyrir þá sem hafa góða undirstöðu í Office forritunum en vilja öðlast meiri þekkingu. Nánari upplýsingar eru í síma 568 5010 og á [www.raf.is](http://www.raf.is)

**Samskiptamiðstöð heyrnarslausra og heyrnarkertra** eru með námskeið í táknmáli á kvöldin. Almenn verð er kr. 9.200 en kr. 8.800 fyrir VR félag. Nánari upplýsingar í síma 562 7702 og á heimasíðunni [www.shh.is](http://www.shh.is)

**School of Icelandic & Business English** veitir félagsmönnum 10% afslátt á námskeið í íslensku fyrir útlendinga sem og námskeið í viðskiptaensku. Nánari upplýsingar í síma 587 1163 og á heimasíðunni <http://www.angelfire.com/biz/icelandiclanguage>

**Skipulag og skjöl ehf** veitir 10% afslátt af námskeiðsgjöldum. Námskeiðin skjalastjórnun og þekkingarstjórnun hafa verið mjög vinsæl meðal félagsmanna VR og atvinnurekenda sem sækjast eftir fólki með menntun og

reynslu á sviði skjalavörslu og skjalastjórnunar. Í námskeiðinu Inngangur að skjalastjórnun er farið á í undirstöðuatriði skjalastjórnunar. Nánari upplýsingar í síma 564 4688 og á heimasíðunni [www.skjalastjornun.is](http://www.skjalastjornun.is)

**Sumarskólinn ehf.** veitir 10% afslátt af skólagjöldum. Nánari upplýsingar í síma 565 9500 og á heimasíðunni [www.sumarskolinn.is](http://www.sumarskolinn.is)

**The Academy of Colour and Style** er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitiráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er m.a. tekin fyrir litgreining, fatastíll, textill og förðun. Hver önn tekur þrjú mánuði. Forsvarsmaður og kennari er Anna Gunnarsdóttir (Anna og útlitið) Nánari upplýsingar í síma 533 5101.

**Tölvu- og verkfræðipjónustan** veitir 15% afslátt af íslenskum námskeiðum sem eru 18 klst. eða styttri, 10% afslátt af íslenskum námskeiðum sem eru 19-30 klst. löng og 5% afslátt af öðrum námskeiðum. Afslátturinn miðast við að námskeið sé að fullu greitt innan 5 daga frá upphafi þess. Nánari upplýsingar í síma 520 9000 og á heimasíðunni [www.tv.is](http://www.tv.is)



# Gott sumar í orlofshúsum VR

Félagsmenn VR virtust vera ánægðir með ýmislegt nýtt sem í boði var í orlofsmálum VR í sumar. Sú nýbreytni að senda félagsmönnum orlofsávísun í vor vakti athygli og ánægju margra, þó ekki væru allir á eitt sáttir.

Þótt ekki hafi allir getað nýtt ávísanirnar skapa þær ákveðna breidd í orlofsmálum sem ekki hefur verið til staðar áður. Vonandi verða þó fleiri fyrirtæki sem sjá sér hag í því að eiga samstarf við félagið næsta ár. Í sumar var einnig gerð tilraun með að leigja út fimm orlofshús einn til fjóra daga í senn og mæltist það vel fyrir.

## Ánægja með Stóra-Kamb

Nokkur ný hús bættust við í sumar. Það voru Stóri-Kambur á Snæfellsnesi, Varmahlíð í Skagafirði og Gerðhamrar í Dýrafirði



Orlofshús VR á Stóra-Kambi á Snæfellsnesi

Ljósmynd: Einar M. Nikulásson

ásamt húsi í Skyggnesskógi í Biskupstungum. Mikil ánægja var með þessu húsi, ekki síst Stóra-Kamb, eins og segir í bréfi frá félagsmanni VR sem var sá fyrsti sem heimsótti Stóra-Kamb: „Aðbúnaðurinn var svo fullkominn að það var meira að segja búið að tilbaka pönnukökupönnuna, en eins og allir sannir pönnukökubakarar vita þá er best að baka

pönnukökur á gömlum pönnum, því eldri því betri. En þetta var bara eitt af mörgu, sem okkur fannst merki um að allt hefði verið útbúið af mikilli alúð.“

## Til Spánar

Í sumar gátu félagsmenn í fyrsta sinn fengið leigð sumarhús á Spáni, nánar tiltekið á Costa

Blanca í Torrevieja við Miðjarðarhafsströnd Spánar. Félagið tók húsin á leigu frá miðjum maí og fram í október. Ýmis vandamál hafa skotið upp kollinum og margt mátt betur fara. Ljóst er að huga verður betur að málum ef bjóða á félagsmönnum þennan kost áfram.

Tjaldvagnar voru mjög vinsælir í sumar og má heita að allt hafi verið fullt frá miðjum júní fram í miðjan ágúst. Full nýting var á orlofshúsunum í allt sumar eins og venjulega. Alls bárust 2119 umsóknir um þær 1136 vikur sem voru til ráðstöfunar.

## VILTU FARA Í ORLOFSHÚS Í VETUR?

Margir hafa nýtt sér orlofshús VR á veturna en þau eru leigð frá föstudegi til sunnudags. Leiguverð er kr. 8.500 en kr.10.500 fyrir hús með heitum potti. Um útleiguna gildir reglan „fyrstur hringir fyrstur fær“ en hús eru þó ekki leigð lengra fram í tímann en sex mánuði. Til að panta hús hafið samband við skrifstofu VR í síma 510 1700.

Þau hús sem hægt er að leigja í vetur eru á Flúðum, Húsafelli, Miðhúsaskógi, Skyggnesskógi, Kirkjubæjarklaustri, Akureyri, Stykkishólmi og Stóra-Kambi

auk Ölfusborga og Einarstaða sem leigð eru út á veturna gegn um rekstrarfélögin á viðkomandi stað.

### Punktafrádráttur vegna vetrarleigu

Helgarleiga	10 stig
Virkir dagar	0 stig
Áramót	15 stig
Páskar	60 stig
Hálf páskavika	30 stig

www.lyfja.is

# Opið alla daga 8-24



í Lyfju Lág múla

og

Lyfju Smáratorgi

## AÐRAR VERSLANIR LYFJU

### Laugavegi

Opið virka daga kl. 9-19 og laugard. kl. 10-16

### Smáralind

Opið virka daga kl. 11-20, laugard. kl. 10-18 og sunnud. kl. 12-18

### Kringlunni

Opið virka daga kl. 10-19, laugard. kl. 10-18

### Garðatorgi í Garðabæ

Opið virka daga kl. 9-18 og laugard. kl. 10-14







### Setbergi í Hafnarfirði

Opið virka daga kl. 10-19 og laugard. kl. 10-16

### Spönginni

Opið virka daga kl. 9-19, laugard. kl. 10-16

# KROSSGÁTA

	MÁL- URINN	HENA SKRAR	FÆÐI	SEPAÑA	TÚTTA	HRVGG- IR VILTUG	HRÓSA DRACA MÁTTUR	MÓT- VILTÍ VÉR
			3					
AD- SJALT								
MUNN- INN + KIND				8			12	
BORD- HALD- INGU + LLE- GTÖRN						37		
TÓNNA	27				4			35
KAFLI			HINA					
↓ SEPI	7					BORS EIN- KENNIS- STAÐIR		
GLANS- AÐI			38	NABB- INN AF- ARNIR			9	
DÆLD	14	LEIT GREFUR			LUFU- SSÓÐA	5		
STYRKI + NEMA	36				13	KVEIMUR EINNIG	6	
		KLUNNA- LEIGIR MENN DÖGNUR			LIGGTA SAMAN UM- STANG		STRÍÐN- INNI	
HEST + HAGNAÐ	31			TAPP- INN		16		
FRÁ		BEINIÐ	ÚTBIIR ENDALOK			BAR- DAGAR ALIT- LEG		LESTA V. TFAIR ÞÖKK
MANN- NAFN		2		LANGA AULA	22			
KÓGUR	17		SNIKTU- DÝRIÐ	10	RAN- DÝRA VEIÐI- DÝR			
BÁRAN MÝRI	↓	26			11		VARDANDI DÖPUR	
		GRAMAR KVEN- NAFN	39			GRÓÐUR HÖL LÖGGJAFN AÐ- UMDEMI		ÞÖRNIN
KVIK- SYND- IÐ	19			SVIPUÐ VOTUR		18		30
LÍKAMS- HLUTI		LITUR + YFA DÝDLIN				20		
RÉTTIR ÚR SÉR			FRUM- EFNI ARRI ÚTTEKI	24			FANG- STAÐUR ÁBATI	32
TANGI	↓	23		ÞJÁRMA AÐ NUÐAR			TVEIR EINS	
OPINU					DAPR- AST ODALS- BENDA	1		
HUG- AÐIR + KÖPUR- YRÐI			21				RYK- KORN	
		MYRKUR HÁS			25	REIÐI- HLJÓÐ ÓSKUR	28	HÁTT- ERNI
ENDING		SÝÐUR FRUM- EFNI		34			KEMST HVAD	
TUNGU	29			TITILL		GREIN- IR		33
	↳	15		GLEDST				



Ljósmynd: Sigurður Sigfússon

## VERÐLAUN KR. 6.000

Lausn krossgátunnar í síðasta blaði (maí) úr vísu eftir Þuru í Garði er á þessa leið:

Úti kysstust hann og hún;  
háðskur máinninn glótti.

Dregið var úr réttum lausnum og kom upp nafn Laufeyjar Jónu Högnadóttur sem starfar hjá Olúféluginu hf. Myndin er af Laufeyju Jónu.

Þá er það gátan sem hér birtist. Eina vísbendingin er sú að lausnin sé gömul íslensk gáta. Annað er ekki að hafa. Síðasti móttökudagur lausna er 7. október.

Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslagjö. Utanaskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á tölvupóstfangið vr@vr.is



## Verslunarstjórar 10-11 á námskeiði hjá VR

Í október nk. verður í boði námskeið um réttindi og skyldur á vinnumarkaði en það er sérhæft námskeið fyrir fólk sem starfar við starfsmannamál.

**Sl. vor sátu verslunarstjórar hjá verslunum 10-11 slíkt námskeið hjá félaginu. VR blaðinu lék forvitni á að vita meira um málið og spurði Magnús Árnason sem er starfsmannastjóri 10-11 verslananna um tildrög þessa námskeiðs.**

### Áherslubreytingar í kjölfarið

„Aðdragandinn að námskeiðinu var fyrst og fremst ósk verslunarstjóra okkar um aukna fræðslu í málum er tengjast réttindum og skyldum starfsmanna á vinnumarkaðinum. Ég hafði samband við Öldu Sigurðardóttur fræðslustjóra VR og hún setti upp pakka sem uppfyllti allar mínar óskir.”

Að sögn Magnúsar komu 30 þátttakendur á námskeiðið, allt lykilmál hjá 10-11 og voru þau sammála um að námskeiðið hefði uppfyllt væntingar þeirra. Farið var í helstu atriði kjarasamninga og launaútreikninga og fleira sem snýr að starfsmannamálum. „Ég veit að námskeiðið hefur nýst

starfsfólkinu mjög vel á ýmsan hátt”, segir Magnús, „bæði fyrir það persónulega og í málum tendu vinnunni. Fyrirtækið hefur einnig breytt ýmsum áherslum í sinni stefnu í kjölfar námskeiðsins þar sem stjórnendur voru fyrirfram ekki að fullu meðvitaðir um allar skyldur atvinnurekanda í ýmsum málum og á ýmsum sviðum. Því hefur öllu þegar verið kipt í liðinn.”

### Leysti ýmis deilumál

Aðspurður um tilgang slíkra námskeiða almennt kvaðst Magnús telja að námskeið sem þessi séu nauðsynleg öllum þeim sem standa frammi fyrir því að taka ákvarðanir eða þeim sem þurfa að



Magnús Árnason starfsmannastjóri 10-11.

Ljósmyndari Erling.

eiga við uppsagnir, ráðningar og öllum þeim sem hafa fólk í vinnu hjá sér. „Þetta námskeið bætti samskipti stjórnenda og starfsmanna hjá okkur í verslunum 10-11 þar sem það hreinsaði ýmis

deilumál af borðunum og þurftu þá ýmist að gefa eftir vinnuveitandinn eða starfsmaðurinn”, sagði Magnús að lokum og vildi koma á framfæri kærri þakklæti fyrir frábært námskeið.

## Stutt starfsnám - ný tækifæri!

**Iðntæknistofnun býður markvisst starfsnám á mörgum sviðum:**



Í kennslustofum **Iðntæknistofnunar** eru þú og þínir félagar virtir viðskiptamenn.

Nánari upplýsingar í sínum  
**570 7100, 570 7289**

og á vefsíðu okkar  
**www.iti.is**

### Rannsóknarnám:

**150 stunda** bóklegt og verklegt nám, ætlað starfandi og verðandi rannsóknarmönnum.

### Umsjónarmenn fasteigna:

**100 stunda** nám og æfingar, ætlað starfandi og verðandi umsjónarmönnum fasteigna og húsvörðum.

### Þjónustustjóri:

**100 stunda** nám, verkefnavinna og æfingar, ætlað starfandi og verðandi þjónustustjórum.

### Umhverfisfulltrúi:

**100 stunda** nám, æfingar og verkefnavinna, fyrir starfsmenn sem ætlað er að hafa umsjón með umhverfismálum í smærri fyrirtækjum eða einingum fyrirtækja.

### Stjórnun og rekstur mötuneyta:

**100 stunda** nám, sýnikennsla og verkefnavinna, ætlað starfandi og verðandi stjórnendum í eldhúsum og mötuneytum.

### Ræstingastjóri:

**70 stunda** nám, verkefni og æfingar, ætlað starfandi og verðandi ræstingastjórum.

### Þróunarstjóri:

**130 stunda** fræðilegt nám með dæmum og hagnýtum verkefnum, ætlað starfsmönnum fyrirtækja sem vinna að nýsköpun og þróun vöru og þjónustu.

### Vinnuvélstjóri:

**80 stunda** bóklegt réttindanám, til undirbúnings verklegri þjálfun á vinnuvélar.

### Verkstjórnarfræðslan:

**100 stunda** nám, með verkefnum og æfingum fyrir starfandi og verðandi verkstjóra.

### Verkstjórn unglunga:

**30 stunda** nám með æfingum og dæmum, ætlað ungum verkstjórum í sumarstörfum.

### Rekstur gistiheimilis:

**60 stunda** nám með æfingum og verkefnum, ætlað starfandi og verðandi rekstraraðilum.



Iðntæknistofnun

Starf okkar  
eflir  
þitt starf



## Nokkrar aðferðir til að gera vinnufélögunum lífið óbærilegt

Frysta/Gagnrýna stöðugt/Gera lítið úr frammistöðu  
í starfi/Einangra/Niðurlægja fyrir framan aðra/Hæða  
/Halda upplýsingum leyndum/Ofsækja/Veita of mörg  
eða of fá verkefni/Auka ábyrgð en minnka vald/Neita  
um frí/Hóta brottrekstri/Rógbera/Njósna um/Tefja  
frá vinnu/Útiloka frá verkefnum, fundum eða veislum

## Það eru líka til aðferðir til að bregðast við einelti

Einelti á vinnustað er víðtækt vandamál sem snertir mjög marga. Það hefur ekki einungis mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þolandann sjálfan, heldur einnig atvinnulífið og samfélagið allt. Það á enginn að þurfa að líða fyrir einelti í vinnunni. Leitaðu upplýsinga um leiðir til úrlausna á [www.vr.is](http://www.vr.is) eða í síma 510 1700.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

